

Brunavarnaáætlun

Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda

2022-2026







Efnisyfirlit

1	Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins	3
1.1	Niðurstöður áhættumats	3
1.1.1	Helstu áhættuþættir slökkviliðanna:	6
1.2	Niðurstöður greiningar á mannafla og búnaðarþörf	6
1.2.1	Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.....	6
2	Þjónustustig.....	8
2.1	Lögbundin verkefni	8
2.1.1	Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.	8
2.1.2	Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.....	8
2.1.3	Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun.	8
2.1.4	Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.	9
2.1.5	Eldvarnareftirlit og forvarnir	9
2.2	Önnur þjónusta	9
2.2.1	Sjúkraflutningar:.....	9
2.2.2	Dælingar:.....	9
2.2.3	Slökkvitækjaþjónusta:	9
2.2.4	Öryggisvöktun:	9
2.2.5	Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði:.....	9
2.2.6	Slökkvistörf í skipum:	9
2.2.7	Mengunarvarnir í höfnum.....	9
3	Skipulag	10
3.1	Skipulag Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda	10
3.2	Skipulag slökkviliða	12
3.3	Forvarnarstarf	13
3.4	Útkallsstarf	15
3.4.1	Mönnun slökkviliðs	16
3.4.2	Varaslökkviliðsstjóri	16
3.4.3	Varðstjóri.....	16
3.4.4	Bakvakt slökkviliðsstjóra	16
3.4.5	Menntun og þjálfun	16
3.5	Önnur verkefni.	17
3.5.1	Viðvaranir og upplýsingagjöf.....	17
3.5.2	Svar- og boðunartími	17
3.5.3	Virkjunartími	17



3.5.4	Viðbragðstími og aukin aðstoð	18
3.6	Útkallstími	18
3.7	Útkallssvæði	19
3.8	Annað	20
3.8.1	Almannavarnir	20
3.8.2	Björgunar- og slysavarnasveitir	20
3.8.3	Lögregla og Sýslumenn	20
3.8.4	Heilbrigðisstofnun	20
3.8.5	Aðrar stofnanir	20
4	Húsnæði og tækjabúnaður	21
4.1	Húsnæði	21
4.1.1	Skrifstofa slökkviliðsstjóra	21
4.1.2	Slökkviliðsstöðvar	21
4.2	Búnaður	22
4.2.1	Greining á búnaðarpörf	22
4.2.2	Búnaður	22
4.2.3	Bifreiðar	23
4.2.4	Hlífðarfatnaður	24
4.2.5	Fjarskiptabúnaður	24
4.2.6	Reykköfun	25
4.2.7	Búnaður vegna hættulegra efna	25
4.2.8	Björgunartæki	26
4.2.9	Annar búnaður	26
4.2.10	Æfingasvæði	26
5	Slökkvivatn	26
5.1	Vatnsveita, Brunahanar og Vatnsból	26
5.1.1	Dalabyggð	26
5.1.2	Reykhólahreppur	26
5.1.3	Strandabyggð	27
5.1.4	Vatnsból í dreifbýli	27
6	Sérstakar bruna- eða mengunaráhættur	27
6.1	Staðsetning vatnsverndarsvæða og annarra viðkvæmra svæða	29
6.1.1	Búnaður annara	30
6.1.2	Hafnir og mörk þeirra	30
6.1.3	Flugvellir	31
7	Samkomulag og samningar	31



8	Framkvæmdaáætlun.....	32
8.1	Framkvæmdaáætlun 2022-2026.....	32
8.1.1	Húsnæði	32
8.1.2	Menntun og þjálfun	33
8.1.3	Búnaður.....	33
8.1.4	Bifreiðar.....	34
8.1.5	Samningar.	34
8.1.6	Sameining sveitarfélaga.	34
8.1.7	Framkvæmdaáætlun.....	34
9	Ítarefni.....	36
9.1.1	Dreifilisti.....	36
10	Viðaukar / fylgiskjöl.....	37
10.1	Þjónustusvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.....	37
10.2	Viðbragðstími.....	38
10.2.1	Útkallssvæði 1, 2 og 3	38
10.2.2	Kort. Útkallssvæði 1, 2 og 3 Dalabyggð.....	39
10.2.3	Kort. Útkallssvæði 1, 2 og 3 Strandabyggð	40
10.2.4	Kort. Útkallssvæði 1, 2 og 3 Reykhólar.....	41
10.2.5	Útkallssvæði 4	42
10.3	Brunahanar	43
10.3.1	Kort. Brunahanar Dalabyggð.....	43
10.3.2	Kort. Brunahanar Reykhólar og Flatey	44
10.3.3	Kort. Brunahanar Strandabyggð	46
10.4	Bakvaktir og æfingar	47
10.5	Samningar	48
10.5.1	Byggðarsamlag Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda	48
10.5.2	Samstarfssamningar slökkviliða á Vesturlandi.....	53
10.5.3	Samningur um gagnkvæma aðstoð milli slökkviliða Strandabyggðar og Húnaþings Vestra	55
10.5.4	Samningur um gagnkvæma aðstoð milli slökkviliða Dalabyggðar og Húnaþings Vestra	57



Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“ Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur [samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar].¹⁾ Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun]²⁾ gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.”

¹⁾[L. 137/2019, 19. gr.](#) ²⁾[L. 126/2011, 307. gr.](#)

Starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda b.s. nær til eftirfarandi sveitafélaga:

Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Gildistími brunavarnaráætlunarinnar er frá útgáfu árið 2022 og út árið 2026.

Brunavarnaáætlun er unnin af slökkviliðsstjóra og hefur verið samþykkt af öllum sveitastjórnnum sem eru á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Brunavarnaáætlun hefur einnig verið staðfest af stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Undirritaðir staðfesta það með undirritun sinni.

Staður.

Dags

F.h. Dalabyggðar

F.h. Reykhólahrepps

F.h. Strandabyggðar

F.h. Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

F.h. Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar



Kynning

Brunavarnaráætlun þessi er unninn af slökkviliðsstjóra Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda b.s., Ívari Erni Þórðarsyni, samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar þar að lútandi. Brunavarnaáætlun Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda leysir af eldri áætlanir sveitafélaganna og eru ekki í gildi. Gildistími brunavarnaráætlunarinnar er frá útgáfu árið 2022 og út árið 2026.

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs. er byggðarsamlag sveitarfélaganna Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er tilgangur þess að fara með skipulag, yfirstjórn, þjálfun vegna slökkviliða og eldvarnareftirlits á starfssvæðinu.

Starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda nær yfir landsvæði Dalabyggðar, Reykhólahrepps (þar með talið Flatey) og Strandabyggðar. Svæðið er 5.363 km² að stærð og íbúar á starfssvæðinu voru 1. desember 2021 1.323 talsins¹.



Mynd 1. Þjónustusvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Markmið brunavarnaáætlunar

Leiðarljós Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda b.s. með þessari brunavarnaráætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”

Í brunavarnaáætluninni er gerð grein fyrir hvernig þau sveitarfélög sem undir hana skrifa ætla að uppfylla skyldur sveitarstjórna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og markvið þeirra. Skyldur sveitarfélaga er skilgreindar í 10. gr. laganna, en þar segir:

„Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af þessari starfsemi.“

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórn og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélögunum.

Gerð og efni brunavarnaáætlunar

Samhliða gerð þessarar brunavarnaáætlunar var framkvæmt áhættumat þar sem stærstu brunaáhættur starfssvæðis Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda voru metnar. Einnig var gerð greining á mannafla- og búnaðarþörf með hliðsjón af brunaáhættum til að meta stærð slökkviliðsins. Viðbragðsáætlanir (slökkvi- og mengunarvarnaráætlanir) hafa einnig verið gerðar fyrir þessar áhættur.

¹ Hagstofa Íslands - Forsíða Mannfjöldi eftir sveitarfélagi



Niðurstöður úr þessum áætlunum munu leiða í ljós hvort:

- Tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur til að uppfylla þjónustustig liðsins
- Fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg til að uppfylla kröfur um þjónustustig liðsins
- Nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi til slökkvistarfa
- Slökkvistöð liðsins uppfylli þarfir liðsins út frá þjónustustigi liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- Endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- Bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins
- Setja upp bakvaktir eða fastar vaktir allt árið
- Tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit með samstarfssamningum
- Auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu t.d. með fjölgun brunahana
- Gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Ljóst er miðað við niðurstöðu áhættumatsins að gera þarf úrbætur og eru þær settar fram í framkvæmdáætlun. Þar er fjallað um tillögur að úrbótum ásamt áformuðum úrbótum og þær tímasettar:

- Bæta þarf brunavarnir í stórum áhættum sem falla utan getu liðsins
- Auka þarf brunavarnir á stöðum sem eru fyrir utan útkallssvæði 3
- Fjölga þarf í slökkviliðinu og bæta við búnaði til að uppfylla þarfir
- Auka menntun slökkviliðsmanna vegna hættulegra efna
- Fjölga slökkviliðsmönnum með réttindi reykkafera
- Fjölga slökkviliðsmönnum með aukin ökuréttindi
- Efla eldvarnareftirlit

Brunavarnaráætluninni er ætlað að veita réttar upplýsingar þeim aðilum sem á þurfa að halda þ.e. :

- Almennngi upplýsingar um það hvaða öryggi þeim er búið í sveitarfélaginu og með hvaða hætti þjónustan er veitt
- Hönnuðum upplýsingar til að ákvarða forsendur við hönnun mannvirkja (t.d. vatnspörf, stærð og getu slökkviliðsins og útkallstími)
- Eigendum mannvirkja upplýsingar um þjónustustig slökkviliðsins
- Sveitarstjórn upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um slökkviliðið m.a. varðandi fjármögnun þess

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Samkvæmt 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 skal Brunavarnaáætlun endurskoðast a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún var samþykkt:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoðaða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.



1 Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

1.1 Niðurstöður áhættumats

Áhættumat hefur verið unnið fyrir helstu brunaáhættur á brunavarnarsvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Niðurstöðurnar eru á útskýringarmynd hér að neðan. Áhættumat þetta var unnið af slökkviliðsstjóra árið 2020 og uppfært 2022.

Áhættustig sem sameiginleg slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda ráða við: **Áhættustig 4**

1	1,1-2,0	2,1-3,0	3,1-4,0	4,1-5,0
Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Áhættustig 4	Áhættustig 5
1 eining 1 dælubíll 3000 l 5 menn	2 einingar 2 dælubílar 6000l 6-10 menn	3 til 4 einingar 3 dælubílar 9000l 10-18 menn	5-8 einingar 4 dælubílar 12000l-1700l Lausar dælur 700l-1400l 18-25 menn Samhæfingarstöð sett í viðbragð	8+ einingar 5-8 dælub. 15000-24000l aðstoð frá öðrum. 25+ menn Samhæfingarstöð Virkuð

Áhættustig sem slökkvilið Dalabyggðar ræður við: **Áhættustig 2-3**

Tafla 1. Áhættumat Dalabyggð

Dalabyggð		Áhættumat					
Starfsemi		Líkur	Afleiðing	Áhætta	Vægi	á h X vægi	Áhættustig
1	MS mjólkurvinnsla	3	5	3,87	0,92	3,56	Áhættustig 4
2	Heilsugæslustöðin Búðardal	1	3	1,68	0,88	1,48	Áhættustig 2
3	Auðarskóli Dalabyggð	2	3	2,38	0,92	2,19	Áhættustig 3
4	Hótel Vogur Fellsströnd (60 min.)	2	3	2,38	1	2,38	Áhættustig 3
5	Dalakot Gisting	2	3	2,38	0,8	1,90	Áhættustig 2
6	Félagsheimilið Árblik, Kvinnabrekkur	2	4	2,77	0,96	2,66	Áhættustig 3
7	Hjúkrunarheimilið Fellsenda	2	4	2,77	1,08	2,99	Áhættustig 3
8	Dvalarheimilið Silfurtún	2	4	2,77	1	2,77	Áhættustig 3
9	Staðarfell	2	5	3,16	0,94	2,97	Áhættustig 3
10	Veiðihúsið Þrándargili	2	3	2,38	0,84	2,00	Áhættustig 2
11	Skólabygging, Laugum	2	4	3,44	0,94	3,23	Áhættustig 4
12	Verslunarhús, Vesturbraut 10	2	4	2,77	0,88	2,44	Áhættustig 3
13	Bifreiðþjónustan KM, Vesturbraut 20	3	4	3,44	0,82	2,82	Áhættustig 3
14	Vegagerðin, Vesturbraut 16	3	4	3,44	0,84	2,89	Áhættustig 3
15	Leikskóli	2	4	2,77	0,96	2,66	Áhættustig 3
16	Seljaland gisting og veitingar (24 min.)	2	4	2,77	0,84	2,33	Áhættustig 3
17	Drangar gisting (45 min.)	2	3	2,38	1	2,38	Áhættustig 3
18	Landbúnaðarbygging með búfé	3	4	3,44	0,86	2,96	Áhættustig 3
19	Hópslys 1. rútuslys 1-3 slasaðir 30 mín.	4	4	4	1	4,00	Áhættustig 4
20	Hópslys 2. Fólksbíll og rúta, 4-11 slasaðir	4	5	4,49	1,1	4,94	Áhættustig 5
21	Hópslys 3. Flutningabíll og rúta, fleiri en 12 slasaðir	3	5	3,87	1,16	4,49	Áhættustig 5
22	Gróðureldur lítill	4	1	1,94	0,8	1,55	Áhættustig 2
23	Gróðureldur stór	4	3	3,44	0,92	3,16	Áhættustig 4
24	Íbúðarhús í þéttbýli	3	4	3,44	0,82	2,82	Áhættustig 3
25	Íbúðarhús í dreifbýli > 20 km	3	4	3,44	0,88	3,03	Áhættustig 3

Áhættustig sem slökkvilið Reykhólahrepps ræður við: **Áhættustig 2.**

	Reykhólahreppur	Áhættumat					Áhættustig
		Líkur	Afleiðing	Áhætta	Vægi	áh X vægi	
1	Reykhólaskóli	3	4	3,44	1,02	3,51	Áhættustig 4
2	Dvalarheimilið Barmahlíð	2	4	2,77	1,02	2,83	Áhættustig 3
3	Íþróttahúsið Reykhólum	2	4	2,77	0,9	2,49	Áhættustig 3
4	Þörungaverksmiðjan	2	4	2,77	0,88	2,44	Áhættustig 3
5	Hótel Bjarkalundur	4	4	4	0,92	3,68	Áhættustig 4
6	Gistiheimilið Álftaland	2	3	2,38	0,82	1,95	Áhættustig 2
7	Hlunnindasýning - bátasafn	2	4	2,77	0,8	2,22	Áhættustig 3
8	Saltverksmiðjan	2	4	2,77	0,88	2,44	Áhættustig 3
9	Gisting Djúpadal	2	3	2,38	0,94	2,24	Áhættustig 3
10	Stóra Pakkhús, Gisting Flatey	3	4	3,44	0,98	3,37	Áhættustig 4
11	Króksfjarðanes (gamalt sláturhús)	3	4	3	0,86	2,58	Áhættustig 3
12	Íbúðarhús í þéttbýli	3	4	3,44	0,76	2,61	Áhættustig 3
13	Íbúðarhús í dreifbýli > 20 km	3	4	3,44	0,86	2,96	Áhættustig 3

Áhættustig sem slökkvilið Strandabyggðar ræður við: **Áhættustig 2**

	Strandabyggð	Áhættumat					Áhættustig
		Líkur	Afleiðing	Áhætta	Vægi	áh X vægi	
1	Rækjuvinnslan Hólmadrangur	3	5	3,87	0,98	3,79	Áhættustig 4
2	Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur	2	4	2,77	0,96	2,66	Áhættustig 3
3	Grunnskóli Hólmavíkur	2	4	3,44	0,94	3,23	Áhættustig 4
4	Íþróttamiðstöð Strandabyggðar	2	4	2,77	0,82	2,27	Áhættustig 3
5	Félagsheimili Hólmavíkur	2	3	2,38	0,84	2,00	Áhættustig 2
6	Sauðfjársetur Á Ströndum	2	3	3	0,9	2,70	Áhættustig 3
7	Verslunarhús Höfðatúni 4	2	4	3,44	0,92	3,16	Áhættustig 4
8	Iðnaðarhús Hafnarbraut 14	2	3	3	0,82	2,46	Áhættustig 3
9	Grunnskólinn Broddanesi (gistiheimili)	2	4	2,77	0,96	2,66	Áhættustig 3
10	Stjórnsýsluhús Strandabyggðar	2	4	2,77	0,9	2,49	Áhættustig 3
11	Vegagerðin	3	4	3,44	0,86	2,96	Áhættustig 3
12	Orkubú Vestfjarða	3	4	3,44	0,86	2,96	Áhættustig 3
13	Stórar landbúnaðarbyggingar með búfé	3	3	3	0,78	2,34	Áhættustig 3
14	Íbúðarhús í þéttbýli	3	4	3,44	0,78	2,68	Áhættustig 3
15	Íbúðarhús í dreifbýli > 20 km	3	4	3,44	0,9	3,10	Áhættustig 3
16	Sorpsamlag, gámastöð	4	3	3,44	0,84	2,89	Áhættustig 3



Áhættumatið tekur inn 5 vægisþætti í greiningunni fyrir hverja starfsemi fyrir sig.

Vægi						
%	Fólk-fjöldi	Fólk- ástand	Viðbragðstími	Ástand mannvirkis	Samfélag og rekstur	
70	0,7	<5	Sjálfbjarga	<undir 10 mín/-	-	Engin áhrif á atvinnu eða tekjur
80	0,8	5>30	1-2 ósjálfbjarga	10>15 mín /-	Gömul og léleg hús	1>5 starfsmenn.
90	0,9	30>100	2-4 ósjálfbjarga	15>20 mín / óveruleg áhrif	Eldri hús / timbur	6>15 starfsmenn.
100	1	100>200	4-6 ósjálfbjarga	20>30 mín / Veruleg áhrif	Góð hús, uppfylla þarfi	16>25 starfsmenn.
110	1,1	200>400	6-10 ósjálfbjarga	>Meira ein 30 mín /hætta á varanlegu tjóni	Steinsteypt húsnæði	26>50 starfsmenn.
120	1,2	400>1000	10-30 ósjálfbjarga	lítið en varanlegt tjón	Nýtt hús,	50>100 starfsmenn.
130	1,3	1000>	yfir 30 ósjálfbjarga	Stórt varanlegt tjón.	Nýtt hús/ hótél / menning	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.

	Fólk	Fólk ástand	Viðbragðstími	ástand mannvirkis	Samfélag Rekstur	Meðalt Vægis
1 Rækjувinnslan Hólmadrangu	0,9	0,8	0,8	1,1	1,3	0,98
2 Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur	0,8	1,1	0,7	1,1	1,1	0,96
3 Grunnskóli Hólmavíkur	0,9	0,9	0,7	1,1	1,1	0,94
4 Þróttamiðstöð Strandabyggð	0,8	0,7	0,7	1	0,9	0,82
5 Félagshæimili Hólmavíkur	1	0,7	0,7	1	0,8	0,84
6 Sauðfjársetur Á Ströndum	1	0,7	0,9	1	0,9	0,9
7 Verslunarhús Höfðatúni 4	0,9	0,7	0,7	1	1,1	0,88

Áhætturnar eru metnar út frá mögulegum eldi sem er tengdur starfseminni, íkveikju, hættulegra efna eða annarri utanaðkomandi vá.

Niðurstaða áhættumatsins er því sú að slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda ráða við flestar byggingar á svæðinu enda séu brunahólf undir þeim viðmiðunarmörkum sem notast er við. Þær byggingar sem slökkviliðin ráða ekki við samkvæmt greiningu, hafa of stór brunahólf og/eða vatnsöflun er erfiðleikum háð. Í þessum tilfellum verður farið fram á hertar brunavarnir m.t.t. brunahólfunar, stækkunar vatnsbóla, uppsetningu brunahana eða uppsetningu vatnsúðakerfa. Slökkviliðin eru þó misvel í stakk búin til þess að takast á við áhættur á sínu þjónustusvæði og er því gert ráð fyrir að aukin aðstoð fari strax af stað þar sem hætturnar eru stærri.

Áhrif á samfélag og rekstur vegur þungt í þessum útreikningum og gefur því ekki alltaf rétta mynd hvort slökkviliðin ráði við byggingu með hærri áhættustig en slökkviliðið ræður við. Húsnæði með samfélagslega mikilvæga starfsemi fær herra áhættustig en sambærilegt húsnæði með takmarkaða starfsemi.



1.1.1 Helstu áhættuþættir slökkviliðanna:

Dalabyggð	
Í þéttbýli	Í dreifbýli
MS mjólkurvinnsla	Hjúkrunarheimilið Fellsenda
Heilsugæslustöðin Búðardal	Hótel Vogur Fellsströnd (60 mín.)
Auðarskóli Dalabyggð	Félagsheimilið Árblik, Kvinnabrekku
Dalabúð Félagsheimili	Staðarfell
Leikskóli	Veiðihúsið Þrándargili
Dvalarheimilið Silfurtún	Skólabygging, Laugum
Dalakot, gisting og veitingar	Seljaland gisting og veitingar (24 mín.)
Verslunarhús, Vesturbraut 10	Drangar hótél
Bifreiðapjónustan KM, Vesturbraut 20	Stórar landbúnaðarbyggingar með búfé
Vegagerðin, Vesturbraut 16	Önnur gistipjónusta í dreifbýli

Reykhólahreppur	
Í þéttbýli	Í dreifbýli
Reykhólaskóli	Gisting Djúpadal
Dvalarheimilið Barmahlíð	Hótel Bjarkalundur
Íþróttahúsið Reykhólum	Stóra Pakkhús, Gisting Flatey
Þörungaverksmiðjan	Króksfjarðanes (gamalt sláturhús)
Gistiheimilið Álftaland	Byggð í Flatey
Hlunnindasýning - bátasafn	Frystihúsið Flatey
Saltverksmiðjan	Önnur gistipjónusta í dreifbýli

Strandabyggð	
Í þéttbýli	Í dreifbýli
Rækjuvinnslan Hólmadrangur	Sauðfjársetur á Ströndum
Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur	Broddanes hostel
Grunnskóli Hólmavíkur	Stórar landbúnaðarbyggingar með búfé.
Íþróttamiðstöð Strandabyggðar	Önnur gistipjónusta í dreifbýli
Félagsheimili Hólmavíkur	
Verslunarhús, Höfðatúni 4	
Iðnaðarhús, Hafnarbraut 14	
Stjórnsýsluhús Strandabyggðar	
Vegagerðin	
Orkubú Vestfjarða	
Sorpsamlag, gámastöð	
Café Riis, Hafnarbraut 39	
Finna Hotel, Borgarbraut 4	

1.2 Niðurstöður greiningar á mannafla og búnaðarpörf

1.2.1 Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda

Í heildina þá er staðan á mannafla og búnaði þokkaleg. Þó liðin séu í raun sjálfstæðar einingar þá er gert ráð fyrir því að slökkvilið nágretta fari af stað ef um er að ræða stærri áhættu.



Fimmtíu aðilar eru skráðir í útkallseiningar víðs vegar um svæðið. Liðin hafa yfir að ráða sex bifreiðum. Einn dælubíll, tveir léttir slökkvi- og tækjabílar með One-Seven® froðukerfi tveir tankbílar og einn sérútbúinn tækjabíll með björgunarbúnaði, reykköfunartækjum og lausri dælu. Samtals er dælugeta bílanna um það bil 9.300 lítrar á mínútu og vatnsbirgðir um 25.000 lítrar. Kerrur með lausri dælu og öðrum grunn-búnaði fyrir vatnsöflun eru staðsettar á þremur stöðum, þar af ein í Flatey. Í Flatey er einnig tilbúinn traktor með 5.000 lítra af vatni í haugsugu, sérútbúin til slökkvistarfa. Heildar dælugeta með lausum dælum er u.þ.b. 8.000 lítrar á mínútu.

Ljóst er að slökkviliðin ráða ekki við allar áhættur á sínu starfssvæði. Fjarlægð frá slökkviliði er stór þáttur í því mati en einnig stærð brunahólfa og starfsemi. Við þær aðstæður eru gerðar meiri kröfur á eigendur mannvirkja um úrbætur til eldvarna.

Dalabyggð

Slökkvilið Dalabyggðar uppfyllir þarfir fyrir áhættustig 2 til 3. En ljóst er að út frá áhættugreiningu þá falla tvö mannviki/starfsemi í áhættustig 4.

- Laugar í Sælingsdal vegna fjarlægðar frá slökkviliði og stærðar brunahólfa. Á staðnum er ekki brunahani en góður aðgangur að sundlaug. 2,6 km eru í næsta brunahana.
- Mjólkursamsalan í Búðardal vegna þess að þar erum að ræða samfélagslega mikilvæga starfsemi. Byggingin er vöktuð með brunakerfi og brunahólfun góð. Vatnsöflun á staðnum er fullnægjandi miðað við stærð brunahólfa byggingarinnar. Nái hins vegar eldur að breiðast út fyrir brunahólf ræður slökkviliðið eitt og sér ekki við slíkan eldsvoða.

Reykhólahreppur

Slökkvilið Reykhólahrepps uppfyllir þarfir fyrir áhættustig 2. Þó er ljóst vegna þess hve dreifður mannskapurinn er, að slökkviliðið ræður ekki við nema áhættustig 1 fyrstu 25 mínúturnar við bestu aðstæður. Því er ljóst að út frá áhættugreiningu þá falla mannviki/starfsemi allra fyrirtækja og stofnana í áhættustig 2 og ofar. Út frá þeirri niðurstöðu er ljóst að efla þarf mannafla liðsins, tækjabúnað og eða bæta úr brunavörnum (ef mögulegt) á þessum stöðum til að mæta getu liðsins.

Strandabyggð

Samkvæmt töflu uppfyllir Slökkvilið Strandabyggðar þarfir fyrir áhættustig 1 hvað varðar dælugetu en áhættustig 2 þegar kemur að mannskap. En ljóst er að út frá áhættugreiningu þá falla flest mannviki/starfsemi í áhættustig 2 og yfir. Hins vegar ræður slökkviliðið vel við margar byggingar í áhættustigi 3 þar sem stærð húsnæðis eða brunahólfa er innan marka dælugetu liðsins og aðgengi að slökkvivatni er greið. Út frá þeirri niðurstöðu er ljóst að efla þarf mannafla liðsins, tækjabúnað og/eða bæta úr brunavörnum mannvirkja (ef mögulegt) á þessum stöðum til að mæta getu liðsins.



2 Þjónustustig

2.1 Lögbundin verkefni

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í fimm meginþjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit²

Slökkviliðin eru misjafnlega fær um að sinna öllum þjónustuflokkunum.

Undir stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda eru þrjú sjálfstæð slökkvilið sem vinna þó sem ein heild. Tuttugu og fimm slökkviliðsmenn hafa lokið grunnnámi Brunamálaskólans fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem gerir þá hæfa til slökkvistarfa utanhúss, til að annast vatnsöflun, reyklosun, dæling og reykköfunar. Átján hafa lokið námskeiði 3 sem gerir þá hæfa til að sinna björgun fólks með klippum, glenum og öðrum búnaði m.a. úr bílflokum. Enginn slökkviliðsmaður hjá Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda hefur menntun eða þjálfun sem gerir þá hæfa til að beita réttum vinnubrögðum við mengunar- og eiturefnaslysum. Aðrir slökkviliðsmenn hafa fengið fornám og þjálfun hjá sínum slökkviliðum en skráning á menntun/þjálfun þeirra ekki aðgengileg

2.1.1 Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.

Slökkviliðin sinna slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19. gr. laga nr. 75/2000 með síðari breytingum, þ.e. 20 klukkustundir að lágmarki á ári.

2.1.2 Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda sinna slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ljúka þarf menntun nýrra slökkviliðsmanna til að þeir fá réttindi sem reykkafarar. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19. gr. laga nr. 75/2000, en það er að lágmarki 25 klst. á ári ásamt því að uppfylla skilyrði reglugerðar um reykköfun nr. 1088/2013. Reykkafarar slökkviliðanna hafa ekki náð að endurnýja réttindi sín síðustu ár vegna skorts á æfingum, sérstaklega árið 2020 og 2021 vegna samkomutakmarkanna. Af þeim sökum er enginn reykkafari með gilt starfsréttindi reykkafara. Útkallseiningin hjá slökkviliði Reykhóla er það lítil að ekki er gerð krafa um reykköfun. Gert er ráð fyrir því að nýir meðlimir komi til starfa árið 2022 með full réttindi. Þörf er á endurnýjun á ýmsum búnaði slökkviliðanna vegna aldurs, allt frá hlífðarfatnaði, slöngum og smærri búnaði að stærri tækjum eins og dælum og bílum.

2.1.3 Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun.

Slökkviliðin sinna minniháttar útköllum tengdum mengunar- og efnaslysum. Enginn slökkviliðsmaður hefur lokið verklegu námskeiði 4 frá Brunamálaskólanum. Slökkvilið Strandabyggðar hýsir sameiginlega kerru með grunn mengunarvarnabúnaði. Búnaðurinn samanstendur af tveimur eiturefnagöllum (þarf að endurnýja vegna aldurs) og skol-tjaldi ásamt uppsogsbúnaði. Sá búnaður er hugsaður til fyrstu aðgerða til að bregðast við minniháttar óhöppum s.s. olú- og ammóníak-lekum. Samstarf er á milli slökkviliðanna á svæðinu en ljóst er að ef umfang mengunar- og/eða efnaslyss á

² [Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 II. Kafli gr. 3](#)



svæðinu er umfram getu þessa búnaðar verður kallað eftir frekari aðstoð í gegnum Neyðarlínu/samhæfingarstöð og þá horft til aukins búnaðar og mannafla frá stærri slökkviliðum sem hafa yfir að ráða búnaði og getu til að bregðast við þeirri vá. Samkomulag eða samning þarf að gera við slökkviliðin með formlegum hætti.

2.1.4 Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda hafa til umráða búnað til björgunar m.a. úr bílflökum og sinnir slíkum verkefnum. Um er að ræða þrjú sett af björgunarbúnaði staðsett á slökkviliðsstöðvunum í Dalabyggð, Reykhólum og Strandabyggð. Tuttugu slökkviliðsmenn hafa menntun í þessum fræðum, Dalabyggð með níu, Strandabyggð með fimm en skortur er á menntun og reynslu á Reykhólum.

2.1.5 Eldvarnareftirlit og forvarnir

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda sinnir eldvarnareftirliti skv. lögum nr. 75/2000 svo og reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Slökkviliðsstjóri sér um eldvarnareftirlit fyrir Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda.

2.2 Önnur þjónusta

2.2.1 Sjúkraflutningar:

Heilbrigðisstofnun Vesturlands sér um sjúkraflutninga á svæðinu. Sjúkrabílar eru staðsettir í Búðardal og Hólmavík.

2.2.2 Dælingar:

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, dælinga úr skipum samkvæmt beiðni o.fl. Einnig geta slökkviliðin séð um vatnsöflun fyrir vatnsból. Tæki slökkviliðsins eru aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins.

2.2.3 Slökkvitækjaþjónusta:

Hvorki byggðarsamlag Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda né slökkvilið sveitarfélaganna sjá um slökkvitækjaþjónustu. Á Hólmavík er starfrækt slökkvitækjaþjónusta og einnig er slökkvilið Borgarbyggðar með slökkvitækjaþjónustu.

2.2.4 Öryggisvöktun:

Öryggisvöktun er framkvæmd í undantekningartilfellum vegna tækifærisleyfa vegna skemmtana í húsum sem ekki hafa tilskilin leyfi og vegna ýmissa annarra tilvika samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra í samráði við byggingarfulltrúa.

2.2.5 Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði:

Slökkvilið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Í gildi er samstarfssamningur á milli slökkviliða á Vesturlandi og Brunavarna Húnaþings Vestra.

2.2.6 Slökkvistörf í skipum:

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í minni skipum og bátum á hafnarsvæði. Stærstu hafnir á svæðinu eru í Hólmavík, Reykhólum og Flatey.

2.2.7 Mengunarvarnir í höfnum.

Mengunarvarnir á hafnarsvæði eru ekki hluti af lögbundnum verkefnum slökkviliðanna. Slökkviliðin geta þó sinnt því starfi samkvæmt samningi eða samkomulagi við viðkomandi sveitarfélag.




3 Skipulag

3.1 Skipulag Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda b.s. er byggðasamlag sveitarfélaganna Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og er rekið samkvæmt samningi milli þeirra. Megin tilgangur byggðarsamlagsins er að fara með skipulag, yfirstjórn, þjálfun vegna slökkviliða og eldvarnaeftirlits á starfssvæðinu. Stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitafélaganna þriggja og jafn mörgum til vara. Sveitastjórnir kjósa um varamenn þeirra í stjórn. Helstu verkefni stjórnar eru skilgreind í stofnsamningi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda (2019). Slökkviliðsstjóri er eini starfsmaður Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og er í fullu starfi ásamt því að ganga bakvaktir.

Skipurit fyrir Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er samkvæmt Mynd 2. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra í samlaginu.

Starfsemi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er skipt í tvö megin svið, forvarnasvið og aðgerðasvið. Fjármálasvið Dalabyggðar heldur utan um bókhald Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Slökkviliðsstjóri stýrir daglegum rekstri liðanna en varðstjórar slökkviliðanna sjá um eftirlit með sinni stöð og búnaði. Varðstjórnarnir leysa slökkviliðsstjóra af á sínu svæði í forföllum og ganga bakvaktir á móti honum. Stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda gerir ekki ráð fyrir varaslökkviliðsstjóra líkt og kveðið er um í lögum um brunavarnir 75/2000 15. gr.



Mynd 2. Skipurit Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda b.s.



Slökkviliðsstjóri

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda á grundvelli laga, reglugerða, brunavarnaáætlunar og samþykka fyrir Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Einnig er slökkviliðsstjóri byggingarnefndum aðildarsveitarfélaganna til ráðgjafar varðandi brunamál og almenn öryggismál. Slökkviliðsstjóri eða fulltrúi hans situr fundi byggingarnefnda aðildarsveitarfélaganna sé þess óskað. Auk þess sér slökkviliðsstjóri um eldvarnaeftirlit og forvarnafræðslu.

Slökkviliðsstjóri skipar staðgengil sinn og er stjórn útkalla á ábyrgð staðgengils, sé slökkvistjóri ekki tiltækur. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitastjórn og í forföllum hans varðstjóri hvers slökkviliðs. Hlutverk varðstjóra er stjórnun á vettvangi og stýring æfinga í samráði við slökkviliðsstjóra.

Starfshlutfall slökkviliðsstjóra er 100% og gengur hann ásamt varðstjórum slökkviliðanna bakvaktir utan skrifstofutíma. Slökkviliðsstjóri sér um eldvarnaeftirlit á svæðinu.

Undir slökkviliðsstjóra heyra stjórnendur slökkviliðanna. Samkvæmt 15. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 og 5. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 á varaslökkviliðsstjóri að leysa slökkviliðsstjóra af í forföllum. Skipurit Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda gerir ekki ráð fyrir varaslökkviliðsstjóra en varðstjóri hvers liðs leysir slökkviliðsstjóra af í forföllum og á bakvakt samkvæmt 7. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018.

Skrifstofa slökkviliðsstjóra er í hans heimabyggð.

Slökkviliðsstjóri:

- Stjórnar starfseminni, samræmir og tryggir að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett
- Sér um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar
- Sér um gerð brunavarnaáætlunar
- Stuðlar að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgir eftir þörfum og breytingum samfélagsins
- Sér til þess að starfsemin sé vel kynnt
- Stuðlar að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- Vinnur að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig
- Stuðlar að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum
- Sér um eldvarnaeftirlit slökkviliðanna

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.




3.2 Skipulag slökkviliða

Starfsemi slökkviliða Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda fer fram á þremur stöðum, í Búðardal, Reykhólum og Hólmavík.

Skipurit slökkviliðanna er samkvæmt Mynd 3. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.

Varðstjóri sér um rekstur og eftirlit slökkviliðsins á hverjum stað í forföllum slökkviliðsstjóra. Slökkvistöðvar í Búðardal (Dalabyggð), Hólmavík (Strandabyggð) og Reykhólum (Reykhólahreppur) eru hver um sig fullbúnar tækjum og búnaði.



Mynd 3. Skipurit slökkviliða Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda

Skipulagðar bakvaktir yfirmanna utan skrifstofutíma er skipt á milli slökkviliðsstjóra og varðstjóra slökkviliðanna og eru þeir staðgenglar hans í forföllum.

Slökkviliðin undir Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda eru sjálfstæðar einingar og er hvert sveitafélag fyrir sig ábyrgt fyrir rekstri á sínu slökkviliði. Sveitafélögin ákveða hvert fyrir sig, í fjárhagsáætlun, hver þessi kostnaður má vera og ber slökkviliðsstjóra að halda sig innan áætlunarinnar. Varðstjóri er næsti yfirmaður á eftir slökkviliðsstjóra á sínu svæði og ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra. Varðstjóri er í hlutastarfi fyrir sitt slökkvilið.

Slökkviliðin starfa á sínu starfssvæði/útkallssvæði en vinna sem ein heild undir stjórn slökkviliðsstjóra. Til samans eru 46 manns skráðir í útkallseiningum (desember 2021), 16 í Dalabyggð, 12 á Reykhólum og 18 í Strandabyggð. Fyrsta útkallseining er mönnum af þeim sem búsettir eru í þéttbýli.

Sveitastjóri er æðsti yfirmaður hvers slökkviliðs en slökkviliðsstjóri Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er framkvæmdastjóri liðsins og ber faglega ábyrgð á því gagnvart sveitarstjóra. Varðstjóri liðsins er í hlutastarfi. Varðstjóri hvers slökkviliðs sér um verkstjórn á sínu starfssvæði og fer með



faglega ábyrgð á liðinu, húsnæði og búnaði gagnvart slökkviliðsstjóra. Varðstjóri tekur bakvaktir á móti slökkviliðsstjóra og öðrum varðstjórum.

Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun og menntun í að leysa þau verkefni sem koma inn á borð slökkviliðsins í samræmi við þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka bílum þar sem krafist er meiraprófsréttinda og nokkrir ekki færir um að stunda reykköfun.

Slökkviliðin voru með samstarfssamning sín á milli fyrir stofnun samlagsins. Einnig eru liðin með samstarfssamninga við önnur nágrennaslökkvilið en þó ekki öll.

3.3 Forvarnarstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnardeildar er í höndum slökkviliðsstjóra. Framkvæmd eldvarnaeftirlitsskoðana er í dag í höndum slökkviliðsstjóra. Allt utanumhald varðandi eldvarnaeftirlit er í gagnagrunninum *Brunaverði*. Í þeim gagnagrunni er listi fyrir alla skoðunarskylda staði innan svæðisins og hversu margar skoðanir hafa verið gerðar undanfarin ár. Einn slökkviliðsmaður hefur lokið námi sem eldvarnaeftirlitsmaður á svæðinu.

Ekki er skilgreint sérstaklega hversu hátt starfshlutfall eldvarnaeftirlitið er af starfi slökkviliðsstjóra. Samkvæmt reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 skal að lágmarki einn eldvarnaeftirlitsmaður vera í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnaeftirlits vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

Á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda búa 1.323 manns (1. desember, 2021). Í Dalabyggð búa 663, þar af u.þ.b. 250 í þéttbýli. Í Reykhólahreppi búa 234, þar af u.þ.b. 130 í þéttbýli. Í Strandabyggð búa 426, þar af u.þ.b. 330 í þéttbýli. Má því áætla að starfshlutfall eldvarnaeftirlits sé að minnsta kosti 13,6%.

Starfsemin er tvíþætt

- Eldvarnaeftirlit og skoðanir
- Upplýsingar og fræðsla

Helstu verkefni forvarnardeildar eru:

- Skoðun teikninga í samstarfi við byggingarfulltrúa
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga, listi vistaður í gagnagrunninum Brunaverði
- Umsögn á veitinga- og gististöðum vegna rekstrarleyfa
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir
- Fræðsla í skólum um eldvarnir
- Slökkviliðsstjóri hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda
- Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra



Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftirlit, slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda:

a. Einu sinni á ári

- Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða
 - Dalabyggð
 - Auðarskóli (grunnskóli og leikskóli)
 - Silfurtún, dvalarheimili
 - Fellsendi, hjúkrunarheimili
 - Dalabúð og önnur félagsheimili
 - Verslun, Vesturbraut 10
 - Laugaskóli, hótél og íþróttahús
 - Dalakot, veitingastaður og gisting
 - Vogur, veitingastaður og gisting
 - Drangar, gisting
 - Á, Skarðströnd, tjaldsvæði og gisting
 - Tjaldsvæðin að Laugum og í Búðardal
 - Önnur gisting í dreifbýli
 - Reykhólar
 - Skólamiðstöðin Reykhólum (Grunn- og leikskóli ásamt íþróttahúsi)
 - Barmahlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili
 - Hótél Bjarkalundur, veitingastaður og gisting
 - Reykhólar HI Hostel
 - Hótél Flatey
 - Tjaldsvæðin
 - Önnur gisting í dreifbýli
 - Strandabyggð
 - Grunn- og tónskólinn á Hólmavík
 - Leikskólinn Lækjarbrekka
 - Heilsugæsla og hjúkrunardeild
 - Félagshimilið
 - Íþróttamiðstöð
 - Verslun, Höfðatúni 4
 - Tjaldsvæðin
 - Gistihús Hólmavíkur
 - Café Riis
 - Broddanes hostel og önnur gistiheimili í dreifbýli
 - Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar.
 - Mjólkursamsalan Búðardal
 - Hólmadrangur ehf., rækjuvinnsla Hólmavík
 - Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólum
 - Allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingareglugerðar
- b. Fjóórða hvert ár eða oftar
- Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki



- Annað atvinnuhúsnæði, þar með talið lögbyli og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti

Hvert ár er gefinn út listi á heimasíðu sveitarfélagana þar sem eldvarnareftirlitsskoðanir ársins eru tilgreindar.

Í september fær elsti árgangur leikskóla heimsókn frá slökkviliði í samstarfi við Eldvarnarbandalagið³ þar sem þau kynna slökkviálfunum Loga og Glóð sem fræða þau um eldvarnir. Í nóvember er eldvarnaátak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.⁴

3.4 Útkallsstarf

Útkallsstarfi er sinnt frá þrem starfsstöðvum, Miðbraut 9, Dalabyggð, Suðurbraut 5, Reykhólum og Skeiði 2, Hólmavík. Að auki eru útstöðvar með kerru og búnaði í Flatey, Gufudal og Krossfjarðarnesi.

Slökkviliðsstjóri samþæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við þá stefnu að allir uppfylli þær menntunarkröfur sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setur varðandi menntun hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögum um þróun og úrbætur. Slökkviliðið sinnir jafnframt verkefnum sem skapast við almannavarnaaðstæður, í samráði við landeigendur og skipulagsyfirlögd, og leggur fram tillögur til úrbóta t.d. til að koma megi í veg fyrir stórtjón af völdum bruna í skóglendi.

Helstu verkefni eru:

- Slökkvistarf
- Viðbrögð við umhverfisslysum
- Björgun á fastklemmdu fólki í ökutækjum
- Mengunarslys
- Slökkvistarf í skipum við hafnir
- Þjálfun og æfingar
- Dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- Björgunar- og slökkvistörf
- Almannavarnir
- Viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði
- Æfingar og þjálfun starfsmanna

Slökkviliðin sinna vatnsöflun, slökkvistarfi innan- og utanhúss ásamt reykköfun og minniháttar mengunarslysum s.s. vegna olíuleka.

- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi á hverjum tíma
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna þjálfaðir til starf vegna björgunar fastklemmdra á hverjum tíma
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna á hverjum tíma
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 40% slökkviliðsmanna þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa á hverjum tíma

³ http://www.brunabot.is/forvarnir_logi_og_glod.html

⁴ <https://www.lsos.is/eldvarnaratakid>



Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í meginráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

Skipulag: Slökkviliðsstjóri - Varðstjórar/stjórnendur hópa - Slökkviliðsmenn

Slökkviliðsstjóri stýrir ofangreindum verkefnum og varðstjóri í hans fjarveru. Í stærri slysum eru áætlanir almannavarna virkjaðar.

3.4.1 Mönnun slökkviliðs

Slökkviliðin starfa á sínu starfssvæði/útkallssvæði en vinna sem ein heild undir stjórn slökkviliðsstjóra. Til samans eru 46 manns (des. 2021) skráðir í útkallseiningum (þéttbýli/dreifbýli), 16 í Dalabyggð (10/6), 11 á Reykhólum (5/6) og 18 í Strandabyggð (18/0). Fyrsta útkallseining er mönnuð af þeim sem búsettir eru í þéttbýli. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við gildandi þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við gildandi þjónustustig. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka bílum þar sem krafist er meiraprófsréttinda og nokkrir eru ekki færir um að stunda reykjöfun.

Slökkviliðin eru mönnuð af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en mæta í útköll eftir boð frá Neyðarlínu. Ekki er gert ráð fyrir því að slökkviliðsmenn séu á bakvakt og ekki er greitt fyrir bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna en varðstjóri hvers slökkviliðs tekur stjórnendabakvakt á móti slökkviliðsstjóra. Hver vakt er vika og vaktalotan er fjórar vikur.

3.4.2 Varaslökkviliðsstjóri

Ekki er gert ráð fyrir varaslökkviliðsstjóra hjá Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda. Varðstjórar slökkviliða Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar eru staðgenglar slökkviliðsstjóra, hver á sínu starfssvæði.

3.4.3 Varðstjóri

Varðstjóri fer með stjórnun slökkviliðs á sínu starfssvæði og ber ábyrgð á að tryggt sé að hús, tæki og búnaður séu í lagi. Varðstjóri er stjórnandi sinnar einingar í útkalli og í flestum tilfellum vettvangsstjóri á sínu starfssvæði. Varðstjórar taka bakvaktir á móti slökkviliðsstjóra.

3.4.4 Bakvakt slökkviliðsstjóra

Til að uppfylla ákvæði laga um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. um að slökkviliðsstjóri stjórni á eldstað eða staðgenglar í fjarveru hans, skal slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans ávallt vera á bakvakt. Þeir sem skipta því hlutverki á milli sín auk slökkviliðsstjóra eru að öllu jöfnu varðstjórar slökkviliðanna. Einnig getur slökkviliðsstjóri skipað aðra starfsmenn slökkviliðsins sem staðgengla en miða skal við að þeir hafi að minnsta kosti 5 ára reynslu í starfi auk þess að hafa sótt námskeið í stjórnun á eldstað og í skipulagi Almannavarna. Miðað er við að bakvaktarmaður fari á vettvang eða á slökkvistöð eftir aðstæðum og sé kominn í samband við vettvang og neyðarlínu gegnum fjarskipti innan 5 mínútna eftir að hann er kallaður út.

3.4.5 Menntun og þjálfun

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Aðal æfingatímabilið er þó takmarkað við vetrartíman eða frá október til lok apríl, þó er gert ráð fyrir æfingum á öðrum tímum. Almennt eru haldnar æfingar einu sinni í mánuði allt árið samkvæmt skipulagi slökkviliðsstjóra og varðstjóra slökkviliðanna. Gert er ráð fyrir að hvert slökkvilið fái 8 til 12 æfingar á ári eða 20 tíma á mann. Einnig er gert ráð fyrir að reykkafarar fái auka æfingar til þess að ná tilskyldum æfingartíma fyrir reykkafara eða samtals 25 tíma. Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í



samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Slökkviliðsmenn hafa sótt námskeið á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið. Allir nýir slökkviliðsmenn liðsins fara í fjarnám hjá Brunamálaskólanum og ljúka þar grunnnámi fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

3.5 Önnur verkefni.

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda annast eftir atvikum önnur verkefni s.s. uppsog á vatni, aðstoð við þrif á götum og fráveitukerfum, afhending á vatni í söfnunartanka þar sem ekki er vatnsveita til staðar og fleira.

Slökkviliðin sinna slökkvistarfi á þeim flugvöllum sem eru á þeirra þjónustusvæði í samstarfi við viðeigandi aðila.

Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Engin föst fjarskiptamiðstöð er til fyrir slökkviliðin en aðstaða er fyrir hendi í slökkviliðsstöðvunum í Dalabyggð og Strandabyggð. Slökkviliðin notast við handstöðvar á TETRA kerfi Neyðarlínunnar fyrir samskipti við stjórnendur innan liða og við utanaðkomandi viðbragðsaðila. Slökkviliðin nota VHF talstöðvar fyrir vettvangsvinnu t.d. reykköfun. TETRA kerfið á svæðinu hefur verið styrkt síðustu ár og er nú sæmlegt samband fyrir TETRA í umdæmi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Þó eru svæði sem eru án fjarskiptasambands og er þörf á að bæta búnað slökkviliðanna til þess að hann nýtist betur. Einnig þarf að kortleggja þá staði þar sem ekki er samband. Viðbragðsbílar verða útbúnir með Tetra stöðvum með möguleika á gáttun. Neyðarsvörur er í höndum Neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um bakvaktarmenn og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum í einkasíma slökkviliðsmanna.

3.5.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út af almannavörnum og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum nefndarinnar ásamt hópsendingar á SMS skilaboðum til almennings. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru náttúruhamfarir og rýmingar vegna þeirra, hættuástand vegna hættu á gróðurbruna, stórbrunar, farsóttir og flugslys.

3.5.2 Svar- og boðunartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3,64 sek. og greiningartími er allt að 90 sek. en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna, ásamt því að uppfæra upplýsingar eftir þörfum.

3.5.3 Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn/froða sé komið á stút innan 60 sek. frá því að slökkvibíll stöðvar við eldstað. Fyrsti dælubíll hjá slökkviliði Strandabyggðar er mannaður fimm mönnum. Í Dalabyggð og Reykhólum er fyrsti dælubíll mannaður með fjórum mönnum og miðast fyrstu aðgerðir við slökkvistarf utandyra þar til liðsauki berst. Stjórnandi á vettvangi kemur á sér bíl ef fyrsti bíll er full mannaður. Aðrir slökkviliðsmenn koma á staðinn með öðrum hætti. Yfirmaður á eldstað stjórnar aðgerðum og er það í hans valdi hvort unnið verði eftir áætlun sem breytir þessum tíma. Allt slökkvistarf á að vera komið í gang innan fjögurra mínútna frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.



3.5.4 Viðbragðstími og aukin aðstoð

Viðbragðstími slökkviliða Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er misjafn milli sveitafélaga og fer eftir aðstæðum hverju sinni. Almenn er bíll farinn úr stöð 5-10 mínútum eftir að boð berast.

Miðað er við að slökkvilið sé á staðnum á bilinu 5-10 mínútum eftir að fyrsti bíll fer af stöð en ef senda þarf liðsstyrk frá öðru slökkviliði er tíminn sem það tekur hann að berast eftirfarandi:

Tími frá stöð		Búðardals	Reykhóla	Hólmavíkur	Stykkishólms	Borgarnes	Hvammstanga	Blönduós	Akranes	Grundarfjarðar	Patreksfjörður
Frá	Til										
Búðardal		5	55	55	86	50	60	115	90	90	190
Reykhólum		50	5	50	125	110	135	140	130	140	140
Hólmavík		60	40	5	125	110	120	140	130	140	180

Mismunur á viðbragðstíma í töflu á milli slökkviliða miðast við fyrsta bíl hvers liðs, einnig tíma frá útkalli og brottför úr stöð.

3.6 Útkallstími

Útkallstími samanstendur af þremur þáttum þ.e. viðbragðstíma á stöð, tíma sem tekur að hefja aðgerðir á vettvangi og aksturstíma. Viðmiðið sem notast er við, er að fyrsti slökkvibíll skal vera farinn af stöð innan 5 mínútna miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Eftir að komið er á vettvang er reiknað með að það taki 60 sekúndur að hefja aðgerðir í þéttbýli og þar sem aðgengi að vatni er innan eðlilegra marka. Aksturstími miðast við hámarkshraða á viðkomandi leið og er tímamælingin meðal annars sótt á Google Maps en einnig er miðað við reynslu úr útköllum og við prófanir á ferðahraða ökutækja slökkviliðsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3,64 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín. en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna. Eins og áður er komið fram sér Neyðarlínan um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum í Tetra stöðvar og GSM síma. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Varðandi slökkviliðið sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almennra boðanna og almannavarnar ástands.



3.7 Útkallssvæði

Útkallssvæði slökkviliðs er skipt upp í fjóra flokka eftir viðbragðstíma.

Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.


Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli.

Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.


Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli.



Mynd 5. Slökkvilið Dalabyggðar



Mynd 6. Slökkvilið Reykhólahrepps



Mynd 4. Slökkvilið Strandabyggðar

Mannvirki sem eru á útkallssvæði 3 og 4 kunna að þurfa auknar brunavarnir, einkabrunavarnir og eldvarnaeftirlit vegna útkallstímans.

Heppilegt er að staðir utan 20 mínútna viðbragðstíma séu heimsóttir árlega og skoðaðir af eldvarnaeftirliti gagnvart reykskynjurum, slökkvitækjum, rýmingarleiðum og íbúar þessara staða gerðir meðvitaðir um viðbragðstíma slökkviliðsins. Þó er slíkt háð friðhelgi einkalífs. Nauðsyn getur reynst að gera auknar kröfur um brunavarnir vegna bygginga sem eru utan 20 mínútna útkallstíma. Samkvæmt reglugerð nr. 747/2018 er slökkviliðum gert að semja sín á milli um viðbragð vegna útkalla óháð sveitarfélagamörkum. Þetta þýðir að það slökkvilið sem á um skemmstan veg að fara skal sinna útkallinu. Þetta ákvæði mun breyta töluvert miklu í starfsemi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og hafa samningar þess efnis verið gerðir við nágrennaslökkvilið.



Mynd 7 Útkallssvæði 1-4 Sjá í fylgiskjali í kafla 10.2

Í Reykhólahreppi eru fjórar lokaðar kerrur með lágmarks búnaði til vatnsöflunar og slökkvistarfa. Eru þær staðsettar í Gufudal, Króksfjarðarnesi og í Flatey, þar sem ljóst að viðbragðstími slökkviliðs fer



yfir 30 mínútur á þessum stöðum. Slökkviliðsmenn eru búsettir í Gufudal og Króksfjarðarnesi. Æfingar með búnað eru skipulagðar á hverju ári. Þörf er á að auka slíkan búnað á heildar svæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

3.8 Annað

3.8.1 Almannavarnir

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda eiga sér hlutverk í viðbragðsáætlun Almannavarna á sínu svæði ásamt næsta nágrenni. Almannavarnanefndir á svæðinu eru Almannavarnanefnd Borgarfjarðar og Dala, Almannavarnanefnd Strandasýslu og Reykhóla. Vinna við að sameina og virkja Almannavarnanefndirnar í Strandasýslu og Reykhóla hefur verð í höndum lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Þær viðbragðsáætlanir sem slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda koma að eru: *Flugslysáætlun fyrir Gjögurflugvöll og Viðbragðsáætlun vegna hópslysa í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi.*



3.8.2 Björgunar- og slysavarnasveitir

Samstarf er á milli slökkviliða Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og björgunarsveita byggðarlaganna. Sjálfboðaliðar björgunarsveitanna veita aðstoð við vatnsöflun, umferðastjórnun, á slysavettvangi og flutningi búnaðar og mannskaps. Í Dalabyggð er Björgunarsveitin Ósk og Slysavarnadeild Dalasýslu. Í Reykhólahreppi er Björgunarsveitin Heimamenn. Í Strandabyggð er Björgunarsveitin Dagrenning.

3.8.3 Lögregla og Sýslumenn

Á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda eru tvö lögreglu- og sýslumannsumdæmi, Vesturland og Vestfirðir. Dalabyggð er í umdæmi Vesturlands og er lögreglan á Vesturlandi með aðsetur í Búðardal. Lögreglan á Vestfjörðum sér um löggæslu í Reykhólahreppi og í Strandabyggð og er með starfsstöð á Hólmavík.

3.8.4 Heilbrigðisstofnun

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) sinnir heilbrigðisþjónustu á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Heilsugæslustöðvar eru staðsettar í Búðardal, Reykhólum og Hólmavík. HVE sinnir sjúkraflutningum á svæðinu. Næsta sjúkrahús með sólarhrings þjónustu er á Akranesi.

3.8.5 Aðrar stofnanir

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HEV) sinnir eftirliti í Dalabyggð og er með aðsetur í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HEVF) sér um eftirlit í Reykhólahreppi og Strandabyggð og er með aðsetur í Bolungarvík.

Starfsstöð Vinnueftirlitsins á Ísafirði sinnir eftirliti á Reykhólum og Strandabyggð en starfsstöðin á Akranesi sér um Dalabyggð.

Einn byggingafulltrúi starfar fyrir öll sveitafélögin og er hann með aðsetur á Hólmavík. Einnig er einn skipulagsfulltrúi en hann er staðsettur í Búðardal.



4 Húsnæði og tækjabúnaður.

Húsnæði og tækjabúnaður slökkviliða Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er í eigu og ábyrgð þess sveitafélags sem hver eining er í. Þó skal litið svo á að slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda séu ein heild.

Afskriftarreglur og fjármagnsstefna er í samræmi við reglur og samþykktir hvers sveitarfélags. Búnaður á að vera afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda. Endurnýjun búnaðar fer eftir úthlutuðu fjármagni hvers sveitarfélags.

4.1 Húsnæði

4.1.1 Skrifstofa slökkviliðsstjóra

Sveitafélagið Dalabyggð sér slökkviliðsstjóra Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda fyrir skrifstofuaðstöðu, vinnu og hlífðarfatnaði ásamt þeim búnaði og farartæki sem hann þarf. Skrifstofa slökkviliðsstjóra er í Dalabyggð í Stjórnsýsluhúsinu Miðbraut 11, 370 Búðardal.

4.1.2 Slökkviliðsstöðvar

Á þjónustusvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda eru fjórar slökkvistöðvar. Þær eru staðsettar í Búðardal, Reykhólum og Hólmavík. Þær stöðvar uppfylla ekki kröfur um lánmarksviðmið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um plássþörf slökkviliðsstöðvar.⁵ Árið 2021 var svo tekin í notkun slökkvistöð í Flatey.

Dalabyggð

Slökkvilið Dalabyggðar er staðsett við Miðbraut 9 í Búðardal. Slökkviliðsstöðin er 173 m² bárujárnsklett húsnæði, steinsteypt og úr timbri, byggt 1949. Byggingin skiptist í tvö brunahólf með steiptum vegg á milli hólfa. Í austur hluta hússins, (bílasal) sem er 94,5 m², er pláss er fyrir tvo slökkviliðsbíla þó þröngt sé. Aðstaða fyrir loftdælu fyrir reykköfunarkúta er einnig í salnum. Í vestari hluta hússins, sem er 78,5 m², er pláss fyrir einn minni bíl eða kerru. Þar er einnig lítil búningsaðstaða, skrifstofuaðstaða og salerni. Setustofa fyrir starfsmenn er í risi. Húsnæðið dugar sem skýli fyrir þann búnað og bifreiðar sem tilheyri slökkviliðinu en aðstaða fyrir mannskap, vinnu við tæki og búnað er frekar lítil. Húsnæðið bíður ekki upp á að núverandi bifreiðum sé skipt út fyrir lengri bifreiðar.



Mynd 8 Slökkvistöðin í Búðardal

Húsnæðið uppfyllir ekki lánmarksviðmið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um plássþörf slökkviliðsstöðvar (Leiðbeiningar BST 2.01). Komið er að meiriháttar viðhaldi á húsinu. Þörf er á viðhaldi á gluggum og gönguhurðum hússins. Skipt var um keyrsluhurðar á bílasal árið 2020. Einnig var komið fyrir loftræsingu í bílasal árið 2020. Engin vinnuaðstaða er til staðar í húsinu til viðhalds tækja og búnaðar. Kranar með heitu og köldu vatni eru í bílasal en enginn vaskur eða borðaadaða til þrifa á búnaði. Á salerni er ekkert heitt vatn. Aðstaða fyrir hleðslu á loftkútum er fyrir aftan tankbíl. Í minni bílasal er búningsaðstaða fyrir slökkviliðsmenn. Allir slökkviliðsmenn eru með lokaðan skáp fyrir sinn búnað.

Slökkviliðsstjóri gerir ráð fyrir í framkvæmdaáætlun að ný björgunarmiðstöð verði reist árið 2026.

⁵ <https://hms.is/media/8756/6086-slokkvistodvar-plassthof-utg-200.pdf>



Reykhólahreppur

Slökkvilið Reykhólahrepps er staðsett að Suðurbraut 5, Reykhólum. Björgunarsveitin Heimamenn eru í sama húsnæði. Húsið er stálgrindarhús, 297,4 m² að stærð, byggt árið 1991. Hluti slökkviliðsins er 186,4 m² og er pláss fyrir tvo slökkviliðsbíla. Húsnæðið uppfyllir ekki lágmarksviðmið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um plásspörf slökkviliðsstöðvar (Leiðbeiningar BST 2.01). Lítil búningsaðstaða er fyrir liðið ásamt salerni. Aðstaða til vinnu starfsmanna er frekar lítil.



Mynd 9 Slökkvistöðin á Reykhólum

Flatey. Slökkviskýli var reist árið 2021 að Tröllaenda 7 í Flatey. Húsið er 85 m² og hýsir slökkvibúnað eyjarinnar ásamt öðrum björgunarbúnaði.

Strandabyggð

Slökkvilið Strandabyggðar er staðsett við Skeiði 2, Hólmavík. Húsnæðið er 117,2 m² límtrésbygging byggt árið 1998. Aðstaða er fyrir tvær bifreiðar og búnað. Einnig er aðstaða fyrir stjórnstöð, salerni og hlífðarfatnað slökkviliðsmanna. Lögreglustöð staðarins er sambyggð slökkvistöð. Aðstaða til vinnu starfsmanna er sæmileg á stöðinni þó þröng sé. Ekki er pláss fyrir allan búnað slökkviliðsins í húsinu.



Mynd 10 Slökkvistöðin á Hólmavík

4.2 Búnaður

4.2.1 Greining á búnaðarpörf

Greining á búnaðarpörf er unnin samhliða vinnu við áhættumat slökkviliðsins. Lágmarksbúnaður slökkviliðsins miðast við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar (6.065)⁶.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er árlega sendur listi yfir allan búnað slökkviliðsins. Þá er hluti búnaðarins eftirlitsskyldur t.d. reykköfunartæki, loftpressa til hleðslu á loftkútum fyrir reykköfunartæki, björgunarklippur o.fl. Skoðunarskýrslur eru í geymslu slökkviliðsstjóra. Þá er einnig haldin skrá yfir endingu og líftíma hlífðarfatnaðar (slökkvigalla og hjálma) og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að sá búnaður uppfylli kröfur reglugerða.

4.2.2 Búnaður

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda þarf að eiga ýmsan búnað til að geta sinnt skyldum sínum gagnvart lögum og reglugerðum, ásamt fleiri verkefnum sem ákveðið hefur verið að Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda sinni. Hér verður talinn upp helsti búnaður samkvæmt leiðbeiningum Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar nr. 6.065 um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar. Laus búnaður er afskrifaður og endurnýjaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

⁶ <https://hms.is/media/8723/6065-leidbeiningar-um-lagmarksbunad-afskriftir-og-ureldingu-bunadar-utg-20.pdf>



4.2.3 Bifreiðar

Bifreiðar sem Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda hefur til umráða eru sex samtals og er meðalaldur þeirra tuttugu ár. Ein bifreið er nýleg eða þriggja ára, tvær er u.þ.b. 15 ára og þrjár eru tuttugu ára og eldri, þar af tvær eldri en þrjátíu ára.

Slökkviliðsstjóri hefur aðsetur í Dalabyggð. Skrifstofa Dalabyggðar hefur bíl til leigu sem þjónustubíl og er ætlaður starfsfólki skrifstofu og annara stofnanna þegar þörf er á að fara lengri vegalengdir vegna vinnu. Slökkviliðsstjóri hefur einnig afnot af þessum bíl ef hann er til staðar, annars notar hann einkabíl. Hvorki leigubifreið Dalabyggðar né einkabíll slökkviliðsstjóra má keyra í forgangsakstri.

Slökkvilið Dalabyggðar er með tvær bifreiðar.

36-110 Ford F450, 4X4, árgerð 2007, ekinn 9.250 km. Kom til Slökkviliðs Dalabyggðar haustið 2007. Hann er útbúinn með „One-Seven 2400E“ froðukerfi með möguleika á tveimur froðustútum í einu. Í bílnum er 1.000 lítra vatnstankur ásamt 60 l A froðutanki og 40 l B froðutanki. Í bílnum er Darley 1 ½“ Ag dæla, 600 l við 6 bar og 3 metra soghæð. Bíllinn er útbúinn sem fyrsti bíll fyrir bruna, björgun fastklemmdra úr bílflökum og minniháttar olíu eða efnaleka. Fjórir menn eru í áhöfn, bíl- og dælustjóri, stjórnandi og tveir reykkafarar. Bíllinn er í góðu ástandi. Bíllinn er forystubíll (fyrsti bíll) slökkviliðs Dalabyggðar



Mynd 11 36-110

36-120 MAN 19.293, 4X4 árgerð 1989, ekinn 422.350 km. Gamall mjólkurbíll með 7.200 lítra tanki og 4.200 l/mín. dælu. Bifreiðin er einnig útbúinn með lausa dælu og stiga. Tveir menn eru í áhöfn. Bíllinn er í sæmilegu ástandi.



Mynd 13 36-120

Slökkvilið Reykhóla hefur tvær bifreiðar.

36-210 Ford F450, 4X4, árgerð 2005, ekinn 29.000 km. Tekinn í notkun í lok janúar 2022. Hann er útbúinn með „One-Seven 2400E“ froðukerfi. Í bílnum er 1.000 lítra vatnstankur ásamt 60 l A froðutanki og 40 l B froðutanki. Í bílnum er Darley 1 ½“ Ag dæla, 600 l við 6 bar og 3 metra soghæð. Bíllinn er útbúinn sem fyrsti bíll fyrir bruna, björgun fastklemmdra úr bílflökum og minniháttar olíu eða efnaleka. Bíllinn er með slöngukefli fyrir froðu ásamt úttaki fyrir slöngulögn. Einungis er mögulegt að vera með eina froðulögn í einu. Fjórir menn eru í áhöfn, bíl- og dælustjóri, stjórnandi og tveir reykkafarar. Bíllinn er í góðu ástandi. Bíllinn er forystubíll (fyrsti bíll) slökkviliðs.



Mynd 12 36-210

36-220 MAN 19.343, 4X4, árgerð 1998, ekinn 68.000 km. tankbíll með 9.000 lítra tanki og dælugetu upp að 900 l/mín. Bíllinn er í sæmilegu ástandi.



Mynd 14 36-220

Auk bílanna þá eru lokaðar kerrur með slökkvibúnaði (dælu, slöngum og stútum) til staðar á þremur stöðum, Flatey, Gufudal og Króksfjarðarnesi.



Flatey

Traktor 4x4 ZETOR - 7341 árgerð 1997 tilbúinn með 5.000 lítra af vatni á haugsugu sem er útbúinn til slökkvistarfa. Á vagninum er 600 l/mín. dæla tengd glussa drifi.

Slökkvilið Strandabyggðar er með tvær bifreiðar.

36-310 MAN – TGM 340, 4X4, árgerð 2019. Dælu og tankbifreið með 5.000 lítra vatnstanki, 3.000 l/mín. dælu. Fimm manns eru í áhöfn og er bíllinn útbúinn sem fyrsti bíll í bruna. Bíllinn er nýlegur og í góðu ástandi. Þó er þörf á að bæta úr nokkrum framleiðslugöllum.

36-320 Ford Econoline, 4X4, árgerð 1992. Tækjabifreið með björgunarbúnaði fyrir fastklemmda. Einnig er bíllinn með lausa dælu og búnað fyrir vatnsöflun ásamt uppsogsefnum fyrir minniháttar olíu og efnaleka. Í bílnum eru tvö reykköfunartæki. Í áhöfn eru fjórir menn, bílstjóri, stjórnandi og tveir reykkafarar. Bifreiðin er í góðu ástandi.

Heildar dælugeta slökkviliðsbíla er 9.300 l/mín.

- Dalabyggð 4.800 lítrar á mínútu
- Reykhólar 1.500 lítrar á mínútu
- Strandabyggð 3.000 lítrar á mínútu

Heildar flutningsgeta slökkviliðanna á vatni er 24.700 lítrar.

- Dalabyggð 8.700 lítrar
- Reykhólar 11.000 lítrar
- Strandabyggð 5.000 lítrar

Kerrur með búnað til vatnsöflunar eru staðsettar á þremur stöðum á vegum slökkviliðs Reykhólahrepps. Þær eru í Flatey, Gufudal og Króksfjarðarnesi. Í þeim eru dælur, slöngur og stútar.

4.2.4 Hlíðarfatnaður

Allir slökkviliðsmenn hjá Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda hafa til umráða eldvarnagalla, hjálm, reykköfunarhettu, stígvél og hanska. Endurnýjun hlífðarfatnaðar hefur verið mismikil á milli slökkviliða síðustu ár. Gert er ráð fyrir kaupum á einu til tveimur settum af hlífðarfatnaði á ári hjá Dalabyggð og Reykhólum. Með því er tryggt að farið sé eftir leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og framleiðanda um endurnýjun búnaðar.

4.2.5 Fjarskiptabúnaður

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda notast við Tetra-kerfi Neyðarlínunnar í samskiptum við dagleg störf og í útköllum. Undantekningin á því er við reykköfun, en þar er notast við VHF talstöðvar. Einnig er notast við GSM farsíma til boðunar í útköll. Almennir slökkviliðsmenn fá boð með SMS en slökkviliðsstjóri og varðstjórnar fá einnig MMS boð með hlekk á síðu máls, þar sem frekari upplýsingar birtast og skráning í skýrslu er möguleg.



Mynd 15 Slökkvistöð og tæki í Flatey



Mynd 16 36-310



Mynd 17 36-320




Mynd 18 Kerra í Krossfjarðarnesi



Tetra

Tetra-kerfi Neyðarlínunnar er megin samskiptatæki viðbragðsaðila á svæðinu. Þó eru mörg svæði án fjarskiptasambands. Samanlagt eru 15 Tetra handstöðvar í þjónustu Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Slökkviliðsstjóri og varðstjórar hafa allir Tetra handstöð til umráða. Þar að auki er Slökkvilið Dalabyggðar með fjórar stöðvar. Tvær stöðvar í fyrsta bíl, fyrir bíl-/dælustjóra og stjórnanda reykkafara. Slökkvilið Reykhóla er með fjórar handstöðvar, varðstjóri er með eina, tvær í dælubíl og ein í tankbíl. Þá er föst stöð í dælubíl. Slökkvilið Strandabyggðar er með fjórar stöðvar. Varðstjóri er með eina stöð, bílstjórar eina hvor (tvær) og stjórnandi reykkafara eina. Til stendur að fjölga og endurnýja Tetra stöðvum á næstu árum.

- Slökkviliðsstjóri 1
- Dalabyggð 4
- Reykhólar 5
- Strandabyggð 5



Mynd 19 Mælingar Neyðarlínu á Tetra sambandi

VHF talstöðvar

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda notast við VHF handstöðvar við vinnu á vettvangi, sérstaklega við reykköfun. Til eru fimmtán VHF stöðvar hjá slökkviliðum Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

- Dalabyggð 5
- Reykhólar 5
- Strandabyggð 4

4.2.6 Reykköfun

Reykköfunartæki með loftkútum eru 18 samtals ásamt 16 auka loftkútum. Að auki eru þrjú 80 lítra kútar með 300 bara. loftþrýstingi á svæðinu, tveir í Dalabyggð og einn á Reykhólum. Loftdælar til hleðslu loftkúta, og afkasta 140 l/mín. hvor, eru staðsettar í slökkviliðsstöðvum Dalabyggðar og Strandabyggðar.

Reglulegt eftirlit er haft með reykköfunarbúnaði samkvæmt leiðbeiningum. Einnig er búnaði skipt út eftir þörfum.

Slökkvilið	Reykköfunartæki +kútur	Auka kútar	Loftdæla
Dalabyggð	8	11	1
Reykhólar	5	2	0
Strandabyggð	5	3	1

4.2.7 Búnaður vegna hættulegra efna

Búnaður til upphreinsunar á olíu er í bifreiðum slökkviliðsins en annars eru slökkviliðin vel útbúin til að takast á við stærri verkefni. Kerra með lágmarks búnaði vegna mengunaróhappa er til staðar hjá Slökkviliði Strandabyggðar. Sá búnaður er frá árinu 2007. Hlíðarbúnaður í kerrunni er orðin of gamall og þarf að endurnýja.



4.2.8 Björgunartæki

Slökkvilið Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda hafa yfir að ráða tæki til björgunar á fastklemmdu fólki úr bíflökum og byggingum og er þeim búnaði viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og framleiðanda.

4.2.9 Annar búnaður

Yfirlit yfir búnað slökkviliðsins er vistað hjá Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Listinn er uppfærður að lágmarki einu sinni á ári og afriti af honum skilað til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar árlega ásamt fleiri upplýsingum er varða rekstur slökkviliðsins. Laus búnaður er endurnýjaður eftir kröfum framleiðanda eða eftir þörfum vegna slits eða skemmda. Meðal annars búnaðar slökkviliðs Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda eru stútar, froðubúnaður, handslökkvitæki, hitamyndavélar, sagir og stigar.

4.2.10 Æfingasvæði

Ekkert ákveðið æfingasvæði er til hjá Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda heldur er notast við þau svæði, húsnæði og aðstöðu sem í boði eru hverju sinni og henta best.

5 Slökkvivatn

5.1 Vatnsveita, Brunahanar og Vatnsból

Aðgengi að slökkvivatni á starfssvæðinu er almennt ekki gott. Í þéttbýli er þörf á því að fjölga brunahönum þar sem of langt er á milli þeirra en einnig er í einhverjum tilfellum ekki nægilegt rennsli miðað við það brunaálag sem við þá er. Í dreifbýli er víða langt í næsta vatnstökustað eða lítið vatnsmagn í vatnsveitu.

5.1.1 Dalabyggð

Í Búðardal eru 9 brunahanar með vatnsþrýsting upp á 2-4 bör og 300 – 2.300 ltr./mín. Búðardalur fær vatn frá lindasvæði á Norðurhólum á Svínadal í um 25 km fjarlægð frá Búðardal.

Þörf er á endurnýjun og fjölgun brunahana í Búðardal. Brunahanarnir í Búðardal eru of fáir og of langt á milli þeirra. Einnig er þörf á stækkun vatnsveitu þar sem rennsli í brunahönum er ekki fullnægjandi. Viðhald og endurnýjun brunahana er á vegum Vatnsveitu Dalabyggðar.

Í dreifbýli er brunahani á lögninni frá Svínadal við þjóðveginn 220 m norður frá afleggjaranum að Sælingsdal. Einnig eru tveir brunahanar í Saurbæ, við Tjarnalund og við Lindarholt þar sem áður var Fóðuriðjan Ólafsdal ehf.

5.1.2 Reykhólahreppur

Á Reykhólum eru 7 brunahanar á einni lögn með vatnsþrýsting um 3-5 bör. Lögnin byrjar í 140 mm og endar í 90 mm. Á Reykhólum er hægt að komast í sundlaugina sem hjálpar til við vatnsöflun. Þörf er á fjölgun brunahana.

Viðhald brunahana eru á vegum Reykhólahrepps. Nánari upplýsingar er að finna á skrifstofu Reykhólahrepps.

Í **Flatey** er vatnsveita í eigu og þjónustu Flateyjarveitna. Neysluvatn Flateyjar er í 50.000 lítra neyslugeymi við Tröllenda og liggur 50 mm lögn frá honum austur eftir eyjunni og inn í þorpið. Á lögninni eru 7 brunahanar eða tengi með jarðloka þar sem tengja má brunaslöngu við. Í dæluskúr við enda lagnarinnar er hægt að loka fyrir úrtak fyrir neysluvatnið og auka þrýsting fyrir brunahana.



Mögulegt er að koma dælu niður að sjó á nokkrum stöðum en getur þó verið vandkvæðum bundið þar sem það munar miklu á flóði og fjöru. Gamall vatnsbrunnur er í mýrinni austan megin við þorpið, einnig eru fjórar nýlegar þrær sem safna vatni úr mýrinni.

5.1.3 Strandabyggð

Á Hólmavík eru 13 brunahana víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 3-4 bör. Þörf er á fjölgun brunahana á svæðinu þar sem of langt er á milli þeirra. Aðkoma að sjó er ágæt á nokkrum stöðum.

Viðhald brunahana eru á vegum Vatnsveitu Hólmavíkur. Nánari upplýsingar er að finna hjá Vatnsveitu Hólmavíkur.

5.1.4 Vatnsból í dreifbýli

Vatnsból í dreifbýli eru misjöfn allt frá því að vera ekkert vatn í námunda við bæi yfir í það að vera brunahani nánast við bæjardyrnar. Einnig geta aðstæður verið misjafnar við vatnstökustað eftir tíma dags, árstíðum og veðri. Að öðru leyti treysta slökkviliðin á flutning á vatni með tankbíl þegar á þarf að halda. Tveir tankbílur eru á þjónustusvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Slökkvilið Reykhóla er með 9.000 lítra tankbíl og Slökkvilið Dalabyggðar er með 7.500 lítra tankbíl. Að auki eru bændur víða með haugsugur sem nýtast við slökkvistarf. Heildstæður listi yfir vatnstökustaði og utanaðkomandi tæki er ekki til staðar en til stendur að bæta úr því á gildistíma áætlunarinnar.

6 Sérstakar bruna- eða mengunaráhættur

Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000, 12. gr., e. lið, segir að hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé m.a. að:

“halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.”

Mat á sérstakri bruna- og mengunaráhættu byggir aðallega á þremur þáttum:

1. Fólki þ.e. fjöldi og ástand
2. Umhverfi þ.e. líkur á mengunaráhættu
3. Eignir þ.e. þar sem eignir eru miklar

Jafnframt er tekið tillit til hverjar eru hugsanlegar afleiðingar, aðkoma, brunaálag, byggingarefni, vatnsöflun, fjarlægðir, mannaflí og ástand mannvirkis. Meðfylgjandi listi er yfir staði og mannvirki sem falla undir sérstakt bruna- og mengunarmat:

Dalabyggð

- MS mjólkurvinnsla
- Heilsugæslustöðin Búðardal
- Auðarskóli, grunnskóli og leikskóli
- Hjúkrunarheimilið Fellsenda
- Dvalarheimilið Silfurtún
- Skólabygging og íþróttahús, Laugum
- Verslunarhús, Vesturbraut 10
- Bifreiðþjónustan KM, Vesturbraut 20
- Vegagerðin, Vesturbraut 16
- Ægisbraut 2, fiskvinnsla



Reykhólar

- Reykhólaskóli
- Orkubú Vestfjarða
- Dvalarheimilið Barmahlíð
- Íþróttahúsið Reykhólum
- Þörungaverksmiðjan
- Hótel Bjarkalundur
- Gistiheimilið Álftaland
- Hlunnindasýning - bátasafn
- Saltverksmiðjan
- Króksfjarðanes (gamalt sláturhús)
- Húsin í Flatey
- Hótel Flatey
- Ljósavél og olútankur Orkuveitu Flateyjar

Strandabyggð

- Rækjuvinnslan Hólmadrangur
- Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur
- Grunnskóli Hólmavíkur
- Íþróttamiðstöð Strandabyggðar
- Félagshemili Hólmavíkur
- Sauðfjársetur á Ströndum
- Verslunarhús, Höfðatúni 4
- Iðnaðarhús, Hafnarbraut 14
- Grunnskólinn Broddanesi (gistiheimili)
- Stjórnarsýsluhús Strandabyggðar
- Vegagerðin
- Orkubú Vestfjarða
- Sorpsamlag Strandasýslu

Gróðureldar

Samkvæmt útkallsskýrslum hafa gróðurbrunnar ekki verið algengir á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Þó eru 6 skráð útköll frá árinu 2015 vegna gróðurelda af ýmsu stærðum og ástæðum. Láglandi er vel gróið, almennt er um lággróður að ræða, tún og bithagar, lyng og mosi. Þó fer svæðum þar sem kjarr- og skóglendi er fjölgandi með aukinni skógrækt en einnig í kringum frístundabyggðir. Hættan á gróðureldi með alvarlegum afleiðingum eykst eftir langvarandi þurrkatíð og hvassviðri sem erfitt getur verið að ráða við.

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna skrá yfir helstu gróðurbruna á Íslandi frá sinueldunum miklu sem geisðu á Mýrum 2006 þar sem 68 km² landsvæði brann. Á þeim lista eru tveir stórir gróðurbrunnar á þjónustusvæðinu.

2008 Skarðsströnd, Dalabyggð. Sinubrenna sem breiddist yfir í lyngmóa og mýrarsvæði. 1,05 km². Er bruninn þriðji stærsti bruninn frá 2006.

2017 Fellsströnd, Dalabyggð. Sinueldur, hús í hættu. 0,17 km², tíundi stærsti gróðurbruni frá 2006.



Sérstakar mengunarhættur

Staður	Hætta	Sveitafélag
MS Búðardal	Hættuleg efni: Sýra, basar og eldfim efni	Dalabyggð
Verslunarhúsnæði með kælivöru	Kælimiðlar, gas í kælikápum og kistum.	Alls staðar
Olís. Dísel sjálfsafgreiðsla	Dísel olútankur ofanjarðar, 9.999 lítrar	Dalabyggð
RARIK varaafsstöð Búðardal	Eldfimur vökvi	Dalabyggð
Orkubú Vestfjarða, varaafsstöð	Eldfimur vökvi	Reykhólar
Orkubú Vestfjarða, varaafsstöð	Eldfimur vökvi	Strandabyggð
Frystihús, Ægisbraut, Búðardal	Ammoníak	Dalabyggð
Hólmadrangur, rækjuvinnsla	Hættuleg efni: Sýra, basar og eldfim efni	Strandabyggð
Þörungavinnslan	Eldfimur vökvi	Reykhólar
Vegakerfið, flutningabílar	Hættuleg efni	Þjóðvegir
Dælustöð vatnsveitu Hólmavíkur	Mengun í neysluvatn	Strandabyggð
Olútankar Flatey	10.000 l á athafnasvæði við Tröllenda, olútankar við íbúðarhús	Flatey, Reykhólar

Vegakerfið

Umferð stórra flutningabíla um svæðið fer vaxandi. Aukinn fiskflutningur á þjóðvegum fylgir laxeldi á Vestfjörðum. Samhliða aukinni umferð og úreltu vegakerfi eykst hættan á stórslysum þar sem líf og verðmæti eru í hættu. Umferð eldsneytisbíla er einnig þó nokkur og hættan á umhverfismengun mikil á svæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá dreifingaraðilum eldsneytis má gera ráð fyrir því að á svæðinu sé að minnsta kosti einn olíuflutningabíll á ferðinni á virkum dögum. Auk eldsneytis eru ótaldir flutningar á öðrum efnavörum í fraktflutningi. Slökkviliðin á svæðinu eru ekki í stakk búin til þess að takast á við stórt mengunarslys.

6.1 Staðsetning vatnsverndarsvæða og annarra viðkvæmra svæða

Staðsetning vatnsverndarsvæða er sýnd í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Í Dalabyggð er um tugur samveitna og eru brunnsvæði helstu vatnsveitna auðkennd á skipulagsupprætti. Annars staðar eru einkaveitur.

Vatnsverndarsvæði í Dalabyggð eru almennt í hlíðum fjalla fyrir ofan bæi en aðalvatnsból Dalabyggðar er á Norðurhólum á Svínadal.

Brunnsvæði fyrir vatnsból Reykhóla eru tvö. Þau eru staðsett 1,6 km austan við Miðhúsahæð í gili við fót Barmahlíðar. Annað í um 70 m hæð með einum safnbrunni en hitt er í 57 m yfir sjávarmáli með vatnsmiðlun í tveimur tönkum. Brunnsvæðið er því sjálft lindarsvæðið ofan við gilið og austar afmarkast það af því svæði sem er innan girðingar.

Brunnsvæði fyrir Króksfjarðarnes er staðsett um 1 km austan við kaupfélagshúsið í Króksfjarðarnesi. Austan við svonefndan Hyrnumel í rúmlega 70 m yfir sjávarmáli og rétt ofan við veginn eru virkjaðar



lindir sem koma undan jaðarhalla. Brunnsvæðið er því sjálft lindarsvæðið og afmarkast af því svæði sem er innan girðingar.

Brunnsvæði vatnsveitu Hólmavíkur er í landi jarðarinnar Óss, rétt norðan bæjarins.

Á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda eru nokkrar smávirkjanir ásamt Þverárvirkjun í Steingrímsfirði. Innan þjónustusvæðis Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda er fyrirhugað að reisa vindorkugarða í Garpsdal í Reykhólahreppi og í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða í Dalabyggð. Slökkviliðin eru ekki útbúin til slökkvistarfa eða björgunar úr vindmyllum. Huga þarf að hugsanlegum gróðurbruna á vindmyllusvæði kvikni í vindmyllu.

Tvær aðveitustöðvar (spennuvirki) eru á þjónustusvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Eitt er að Glerárskógum í Dalabyggð og hitt er í Geiradal í Reykhólahreppi.

Varaafsstöðvar eru í Búðardal, Reykhólum og Hólmavík.

6.1.1 Búnaður annara

Annar búnaður til slökkvi- og björgunarstarfa.

Samningur er til á milli Slökkviliðs Dalabyggðar og Björgunarsveitarinnar Óskar um afnot af bifreiðum sveitarinnar til búnaðar- og fólksflutninga.

Mögulegt er að nálgast tankbíla og vagna hjá fyrirtækjum og verktökum í Dalabyggð.

Í dreifbýli má finna haugsugur á mörgum sveitabæjum sem nýtast til vatnsöflunar. Slökkviliðsstjóri heldur utan um skrá yfir slíkan búnað á svæðinu. Nauðsynlegt er að uppfæra slíka skrá reglulega og tengja þær upplýsingar við búnaðarlista fyrir Neyðarlínu.

6.1.2 Hafnir og mörk þeirra

Samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 er höfn skilgreind sem svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.

Dalabyggð

Smábátahöfn er í Búðardal og tvö hafnarsvæði eru í dreifbýli Dalabyggðar. Við Skarðsstöð er smábátastaða sem hefur einkum verið nýtt vegna grásleppuveiða síðari ár, en einnig vegna siglinga með ferðamenn. Við Hnúksnes er smábátastaða. Aðstaðan er mikilvæg vegna siglinga við Hvammsfjörð og Breiðafjörð.

Reykhólar

Fimm hafnir eru í sveitarfélaginu.

Á Reykhólum er útflutningshöfn og kemur 1.200 tonna skip um fimm sinnum á ári ásamt því að Karlsey, skip Þörungaverksmiðjunnar, kemur flesta virka daga að höfninni með þang og þara. Einnig er nokkur umferð minni báta um höfnina.

Á Stað er lítil bryggja sem aðeins notuð fyrir heimamenn og litla báta sem koma úr eyjunum.

Í Flatey er ferjuhöfn. Ferjan Baldur kemur þar við einu sinni til tvisvar sinnum á dag. Einnig er nokkuð um minni báta og skip. Nokkur grásleppu útgerð er frá höfninni.

Á Króksfjarðarnesi er lítil ferjubryggja.



Í eyjunum Hvallátrum og Skáleyjum eru smábátabryggjur.

Slökkvilið Reykhólahrepps mun sjá um slökkvistarf, brunavarnir og mengunarslys á hafnarsvæðum í samráði við hafnaryfirvöld í Reykhólahreppi. Verði meiriháttar mengunarslys verður að fá utanaðkomandi búnað og aðstoð.

Strandabyggð

Hafnarmannvirki er á Hólmavík og er þar m.a. löndun á fiski. Strandabyggð rekur höfnina á Hólmavík.

Fyrir utan höfnina í Hólmavík þá er aflögð ferjuhöfn við Arngerðareyri á Langadalströnd við Ísafjörð, rétt við Þjóðveg 61.

Slökkvilið Hólmavíkur mun sjá um slökkvistarf, brunavarnir og mengunarslys á hafnarsvæðum í samráði við hafnaryfirvöld á Hólmavík. Verði meiriháttar mengunarslys verður að fá utanaðkomandi búnað og aðstoð. Búnaður vegna meiriháttar mengunarslys er ekki til á Hólmavík í dag.

6.1.3 Flugvellir

Þrír flugvellir eru í umdæmi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda. Í Dalabyggð er flugvöllur við Kamsnes. Á Reykhólum er flugvöllur í útjaðri þorpsins, við Reykhólasveitaveg og Karlseyjarveg. Í Strandabyggð liggur flugvöllurinn við Þjóðveg 61 vestan við Hólmavík. Gjögur flugvöllur er í Árneshreppi og er gert er ráð fyrir því að slökkvilið Strandabyggðar bregðist við ef slys eða eldsvoði verði á því svæði.

7 Samkomulag og samningar

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda eiga í samstarfi við ýmsa aðila sem tengjast starfsemi Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og slökkviliðanna. Helstu samstarfsaðilar eru:

- Sveitafélagið Dalabyggð vegna aðstöðu fyrir slökkviliðsstjóra og fjármál Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda
- Fjármálasvið sveitafélaganna vegna fjármála slökkviliðanna
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og Brunamálaskólans
- Byggingafulltrúi sveitafélaganna vegna forvarna og byggingamála
- Almannaþingarmannafund Strandasýslu og Reykhólahrepps, Almannaþingarmannafund Borgarfjarðar og Dala vegna hlutverks Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og slökkviliðanna í almannavarnakerfinu
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Vestfjarða vegna mengunarmála
- Neyðarlínan vegna neyðarsvörunar og boðunar
- Vegagerðin vegna mengunarmála og vetrarfærðar
- Björgunarsveitirnar í sveitafélögunum vegna vatnsöflunar, búnaðarflutninga og vegna verndunar og gæslu
- Samningur er á milli Slökkviliðs Dalabyggðar og Björgunarsveitarinnar Óskar um notkun á bifreið til að flytja mannskap í útköll

Slökkviliðin innan Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda vinna náið saman undir stjórn slökkviliðsstjóra. Þá er samningur um gagnkvæma aðstoð á milli Slökkviliðs Stykkishólms og nágrennis, Slökkviliðs Grundarfjarðar, Slökkviliðs Borgarbyggðar Slökkviliðs Snæfellsbæjar, Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Slökkviliðs Dalabyggðar og Slökkviliðs Reykhólahrepps. Einnig er



samningur á milli slökkviliða Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og Brunavarna Húnaþings Vesta. Gera þarf samning við önnur nágretta slökkvilið og aðra þjónustuaðila um gagnkvæma aðstoð.

8 Framkvæmdaáætlun

8.1 Framkvæmdaáætlun 2022-2026

Búnaði, húsnæði og bifreiðum er lýst í kafla 4. Allar áætlanir um endurnýjun og fjárfestingu í búnaði slökkviliðanna eru háðar samþykktri fjárhagsáætlun hvers árs. Á fjárhagsáætlun hvers árs er rekstrarframlag til endurnýjunar og viðhalds á þeim búnaði sem þar er talinn upp. Stærri fjárfestingar næstu fimm ára eru taldar upp hér en auk þess er á fjárhagsáætlun hvers árs fjármagn til að viðhalda og endurnýja minni búnað.

8.1.1 Húsnæði

Dalabyggð

Eins og kemur fram í kafla 4.1.2. er þó nokkur viðhaldspörf á húsnæði slökkviliðs Dalabyggðar en þar að auki er húsnæðið allt of lítið fyrir starfsemi þó það dugi sem upphitað skýli fyrir bíla, búnað og hlífðarfatnað þá vantar mikið upp á að það uppfylli nútíma kröfur um plásspörf en einnig takmarkar plássið möguleikana á því að slökkviliðið geti bætt við búnað eða tekið inn stærri búnað þegar til dæmis tankbíl verður endurnýjaður. Mikil þörf er á rýmra húsnæði fyrir starfsemi en sömuleiðis eru aðrir viðbragðsaðilar í húsnæðispörf, svo sem sjúkraflutningar HVE. Tilvalið væri að sameinast um byggingu húsnæðis þar sem um skylda starfsemi er að ræða og jafnvel sömu aðilar að vinna á báðum stöðum. Slökkviliðsstjóri leggur því til við sveitarstjórn að á gildistíma þessarar áætlunar verði unnið að því að koma upp björgunarmiðstöð með viðeigandi aðstöðu fyrir ýmsa viðbragðsaðila og almannavarnir á svæðinu og slík aðstaða verði komin í byggingu ekki seinna en árið 2026 og samtalið hefjist ekki seinna en í byrjun árs 2022.

Núverandi húsnæði.

Sem fyrr segir er talsverð viðhaldspörf á húsnæðinu en einnig þörf á að bæta alla vinnuaðstöðu. Útidyr að bílasal liggur undir skemmdum vegna viðhaldsleysis, þröskuldur ónýtur og hurð að skemmast. Viðhald á gluggum hússins hefur verið ábótavant í langan tíma og eru skemmdir víða ásamt því að gler er ónýtt. Innanhúss þarf að bæta vinnuaðstöðu fyrir viðhald og hreinsun búnaðar ásamt geymsluplássi fyrir auka búnað liðsins. Nýlega var komið fyrir loftræsingum í húsinu vegna útblásturs af bílum en þörf er á að betrubæta lagnir til þess að kerfið skili betri árangri.

Í húsinu er ekki viðeigandi aðstaða fyrir mannskap til þess að setjast niður til funda eftir æfingu eða aðgerð né er pláss til þess að koma slíku fyrir.

Huga þarf að stækkun húsnæðis fyrir slökkvilið, jafnvel byggingu björgunarmiðstöðvar þar sem aðrir viðbragðsaðilar væru með aðstöðu. Búðardalur er vel staðsettur fyrir viðbragð með sérhæfðan búnað svo sem loftbanka, spilliefnabúnað og fleira. Áætluð plásspörf fyrir slökkvilið og sjúkraflutninga er u.þ.b. 550 m².

Reykhólahreppur

Bæta þarf aðstöðu fyrir mannskap. Þörf er á loftræsingum fyrir bíla, mála þarf gólf og bæta vinnuaðstöðu, vinnuborð og fl. vegna viðhalds búnaðar og tækja. Huga þarf að viðhaldi eða endurnýjun á eldri aksturshurð. Bæta þarf kyndikerfi hússins.



Húsnæðið er lítið og rétt dugir fyrir tvo bíla og hlífðarfatnað slökkviliðsmanna. Huga þarf að stærra húsnæði fyrir slökkviliðið.

Flatey. Bygging nýrrar slökkvistöðvar hófst árið 2021 og mun hún hýsa búnað sem hefur verið geymdur úti í lokaðri kerru fram til þessa. Skoða þarf möguleikann á því að koma upp sér brunahanakerfi sem er óháð vatnsveitu. Skoða þarf kosti og galla þess að koma fyrir fastri dælu í sjó eða jafnvel að bora fyrir vatni við nýja slökkvistöð og leggja lagnir út frá henni. Yfir vetrartímam eru fáir í eyjunni og langt í næstu bjargir.

Strandabyggð

Bæta þarf loftræsingu fyrir bíla, framkvæma viðgerð á hurðum og bæta geymslu fyrir hlífðarfatnað til að lengja endingartíma búnaðar. Skoða þarf möguleika á stækkun núverandi húsnæðis þar sem húsnæðið rúmar ekki allan búnað slökkviliðsins og uppfyllir ekki kröfur um aðbúnað.

8.1.2 Menntun og þjálfun

Stefnt er að fjölgun og/eða endurnýjun í liðunum.

- Stefnt er að fjölgun í liðunum og ekki verði færri en 18 í hverju liði
- Slökkviliðsmenn sem hafa lokið námskeið 1 og 2 hjá Brunamálaskólanum halda áfram námi
- Nýir starfsmenn slökkviliðanna sækja námskeið Brunamálaskólans samkvæmt námskrá og fá viðeigandi þjálfun með sínu liði
- Slökkviliðsmenn fá menntun og þjálfun vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og bifreiðum
- 25 klst. þjálfun reykkafara á ári, ásamt árlegri læknisskoðun og þrekprófi
- 20 klst. almenn þjálfun á ári fyrir hvern slökkviliðsmann
- Endurmenntun slökkviliðsmanna á 6 ára fresti
- Slökkviliðsmenn sem standast læknisskoðun og þrekpróf fá menntun og þjálfun til reykköfunarréttinda
- Að minnsta kosti 15 slökkviliðsmenn, 5 úr hverju liði fá menntun og þjálfun til reykköfunarréttinda. Æskilegt er að 50% slökkviliðsmanna séu með reykköfunarréttindi
- Reykkafarar fara árlega í læknisskoðun og þrekpróf
- Slökkviliðsmenn fá menntun og þjálfun vegna hættulegra efna
- Varðstjórar fá menntun til eldvarnaeftirlits

8.1.3 Búnaður

Afskriftaregla slökkviliðanna miðar við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. Miðað er við að eignir afskrifist um 35%, slökkvibílar og lausar dælu á 20 árum. Annar búnaður afskrifast á 10 árum. Endurnýjun búnaðar er háð fjárhagsáætlun hvers sveitarfélags.

- Hlífðarfatnaður skal endurnýjast á 10 ára fresti eða eftir leiðbeiningum framleiðanda
- Reykköfunarbúnaður skal skoðast á 2 ára fresti hjá viðurkenndri þjónustustöð. Loftpressar er skoðuð einu sinni á ári
- Reykköfunartæki þarf að endurnýja á um 10-15 ára fresti. Æskileg endurnýjun hjá liði: Eitt sett annað hvert ár (á milli skoðana)
- Loftkúta þarf að þrýstiprófa á 5 ára fresti hjá viðurkenndum aðila. Loftkúta þarf að endurnýja á um 10-20 ára fresti eða samkvæmt framleiðanda. Æskileg endurnýjun hjá liði: Einn kútur á ári



- Slöngur, stúta og tengisstykki þarf að endurnýja á um 10 ára fresti. Æskileg endurnýjun hjá liði: Fjórar til sex slöngur á ári
- Endurnýja þarf þann búnað sem fyrir er, og bæta við, til þess að bregðast við stærri hættu
- Regluleg endurnýjun á núverandi búnaði
- Bæta við búnaði vegna mengunarslysa
- Bæta við búnaði vegna vatnsöflunar
- Skoðun og eftirlit með búnaði
- Bæta þarf við búnað vegna fyrstu hjálpar

8.1.4 Bifreiðar

Bifreiðar liðanna eru almennt í góðu ástandi þó meðalaldur þeirra sé heldur hár. Þörf er á að endurnýja tankbifreið og bæta við þjónustu- og mannskapsbíl hjá Slökkviliði Dalabyggðar. Dælubifreið Reykhólahrepps var skipt út fyrir nýrri og léttari dælubíl í byrjun árs 2022. Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðgerðum og uppfærslum á dælubíl slökkviliðs Strandabyggðar. Til stendur að koma fyrir Tetra talstöð í forystubíll hvers liðs. Þannig munu fjarskipti batna til muna þar sem samband er lélegt.

8.1.5 Samningar.

Gera þarf skriflegt samkomulag milli slökkviliða og hafna sveitarfélaganna um aðstoð vegna mengunarslysa í höfnum. Gera þjónustu- og samstarfssamninga við nágretta slökkvilið og sveitarfélög þar sem á vantar. Einnig þarf að gera samninga við stærri slökkvilið vegna aðstoðar við stærri verkefni og þá sérstaklega vegna mengunarslysa sem slökkviliðin ráða ekki við. Einnig þarf að gera samstarfssamninga við Vegagerðina, aðra þjónustuaðila, fyrirtæki, verktaka og bændur vegna þjónustu og afnot af tækjum. Stefnt er á að gera sem flesta samninga árið 2022.

8.1.6 Sameining sveitarfélaga.

Reiknað er með því að sveitarfélögin sameinist öðrum á einhvern hátt á gildistíma áætlunarinnar. Huga þarf að með hvaða hætti Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda muni starfa í breyttu umhverfi, sérstaklega ef um er að ræða sameiningu annara sveitarfélaga en að þessari áætlun koma.

8.1.7 Framkvæmdaáætlun

samningar / búnaður / menntun

Á árinu 2022

- Samningagerð við samstarfsaðila (sjá 8.1.5 Samningar)
- Undirbúningur að byggingu björgunarmiðstöðvar, samtali við viðbragðsaðila í Dalabyggð og áætlunargerð
- Undirbúningur að stækkun slökkvistöðvar (Strandab., Reykh.)
- Endurnýjun á hlífðarfatnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Endurnýjun á búnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Kaup á 10-15.000 lítra vatnsþró (Dalab., Reykh.) sem fylgir tankbíl
- Eftirlit með búnaði samkvæmt skipulagi
- Þjálfun vegna reykköfunarréttinda
- Endurnýjun dælu- og tækjabíls slökkviliðs Reykhólahrepps (Iokið)
- Áframhaldandi menntun slökkviliðsmanna
- Fræðsla og þjálfun utanaðkomandi aðila



Á árinu 2023

- Undirbúningur að byggingu björgunarmiðstöðvar (Dalab.)
- Undirbúningur að stækkun slökkvistöðva
- Endurnýjun á hlífðarfatnaði í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Endurnýjun á búnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Eftirlit með reykköfunartækjum (annað hvert ár)
- Kaup á loftpressu vegna reykköfunar (Reykh.)
- Eftirlit með búnaði samkvæmt skipulagi
- Viðhald og endurnýjun á fjarskiptabúnaði liðsins. Kaup á viðbótarbúnaði fyrir fjarskipti
- Lausabúnaði viðhaldið
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar

Á árinu 2024

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Endurnýjun á búnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Leitað að og fest kaup á tækja og mannskapsbifreið (Dalab.)
- Leitað að og fest kaup á þjónustu- og stjórnendabíl (Dalab., BDRS)
- Eftirlit með búnaði samkvæmt skipulagi
- Áframhald á viðhaldi húsnæðis
- Lausabúnaði viðhaldið
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar

Á árinu 2025

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Endurnýjun á búnaði í samræmi við fjárhagsáætlun
- Lausabúnaði viðhaldið
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar
- Eftirlit með reykköfunartækjum (annað hvert ár)
- Eftirlit með búnaði samkvæmt skipulagi

Á árinu 2026

- Ný slökkvistöð komin í byggingu eða tekin í notkun (Dalab., Reykh.)
- Stækkun slökkvistöðvar á Hólmavík
- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar)
- Endurnýjun á tankbíl (Dalab.)
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við
- Viðhald og endurnýjun á fjarskiptabúnaði liðsins
- Lausabúnaði viðhaldið
- Endurnýjun á loftkútum, 1 kútur á ári (öll lið)
- Menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar
- Endurnýjun brunavarnaráætlunar 2027-2031



9 Ítarefni

Húsnæðis og mannvirkjastofnun

Lög nr. 75/2000 um brunavarnir

Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018

Reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit

2015 leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlana

2009 leiðbeiningar um plássþörf slökkvistöðva

2011 leiðbeiningar um hlífðarfatnað fyrir slökkviliðsmenn

2015 leiðbeiningar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar

2020 leiðbeiningar um gerð áhættumats

Sveitarfélögin

Aðalskipulag Dalabyggðar

Aðalskipulag Reykhólahrepps

Aðalskipulag Strandabyggðar

Slökkviliðin

Búnaðarlisti

Æfingaáætlun

Eldvarnaeftirlit

Áhættumat 2020


9.1.1 Dreifilisti

- Sveitarstjórn Dalabyggðar
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps
- Sveitarstjórn Strandabyggðar
- Almannavarnarnefnd Borgarfjarðar og Dala
- Almannavarnarnefnd Stranda og Reykhóla
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Lögreglustjóri á Vesturlandi
- Lögreglustjóri á Vestfjörðum
- Almannavarnarnefnd Snæfellsness
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands
- Vegagerðin



10 Viðaukar / fylgiskjöl

10.1 Þjónustusvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.



Slökkvistöðvar




Útstöðvar/Viðbragðsbúnaður



10.2 Viðbragðstími

10.2.1 Útkallssvæði 1, 2 og 3



Útkallssvæði slökkviliðs er skipt upp í fjóra flokka eftir viðbragðstíma.

Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.

Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli.

Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.

Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining, fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli

Kort: Skjáskot af Google Maps

Upplýsingar um ferðatíma:
Google Maps og Travel Time

<https://traveltime.com/me.com>


Útkallssvæði 1 10 mín.

Útkallssvæði 2 15 mín.

Útkallssvæði 3 20 mín.




10.2.2 Kort. Útkallssvæði 1, 2 og 3 Dalabyggð



Mynd 21. Dalabyggð. Útkallssvæði 1, 2 og 3




10.2.3 Kort. Útkallssvæði 1, 2 og 3 Strandabyggð



Mynd 22. Strandabyggð. Útkallssvæði 1, 2 og 3





10.2.4 Kort. Útkallssvæði 1, 2 og 3 Reykhólar



Mynd 23. Reykhólahreppur. Útkallssvæði 1, 2 og 3





10.2.5 Útkallssvæði 4






10.3 Brunahanar

10.3.1 Kort. Brunahanar Dalabyggð




 200 m radíus



10.3.2 Kort. Brunahanar Reykhólar og Flatey




○ 200 m radíus





10.3.3 Kort. Brunahanar Strandabyggð



○ 200 m radíus



10.4 Bakvaktir og æfingar

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda

Bakvaktir og æfingar 2022

Mánuður	Bakvaktir Dalabyggð							Bakvaktir Strandabyggð							Bakvaktir Reykhólar							Bakvaktir Slökkviliðstöðir															
	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.									
Janúar 2022	17	18	19	20	21	22	23								24	25	26	27	28	29	30	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16		
Febrúar 2022	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31				1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14		
Mars 2022	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31				1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14		
Apríl 2022	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14			
Máí 2022	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14		
Júní 2022	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14		
Júlí 2022	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31									
Agúst 2022	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31						
Septembar 2022	26	27	28	29	30	31		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28		
Oktober 2022	24	25	26	27	28	29	30	31							1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
Nóvember 2022	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30					1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20			
Desember 2022	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20			

Æfingar

Dalabyggð	Reykhólar	Strandabyggð
27.1.2022	6.1.2022	10.1.2022
24.2.2022	3.2.2022	14.2.2022
31.3.2022	3.3.2022	14.3.2022
28.4.2022	7.4.2022	11.4.2022
25.5.2022	5.5.2022	9.5.2022
30.6.2022	2.6.2022	13.6.2022
28.7.2022	7.7.2022	11.7.2022
25.8.2022	4.8.2022	8.8.2022
29.9.2022	1.9.2022	12.9.2022
27.10.2022	6.10.2022	10.10.2022
24.11.2022	3.11.2022	14.11.2022

Dalabyggð: Æfingar eru almennt síðasta fimmtudag mánaðar
 Reykhólar: Æfingar eru almennt fyrsta fimmtudag mánaðar
 Strandabyggð: Æfingar eru almennt annan mándag mánaðar
 Ef æfingardagur lendir á frídag færast hann samkvæmt töflu

Búðað er á æfingu með fundarboði í tölvupósti og með sms boðum

Á æfingum er m.a. farið yfir:
 Vatnsöflun
 Hósafruna
 Reykköflun heit/köld
 Sjórann
 Klippuvinna/umferðarhöpp
 Brunni í einbýlishúsi
 Brunar í atvinnuhúsnæði
 Slökkvistarfi í skipum
 Blábruna
 Fjarskipti

Söngulegnir
 Gróðurbrunnar
 Reyklokon
 Öryggisall
 Mengunarsýsa
 Brunar á lögbylum
 Brunar í skólahúsnæði
 Vettvangsleðningar
 Deilingar



10.5 Samningar

10.5.1 Byggðarsamslag Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda (Brunavarnir Dala, Reykhóla bs kt. 480120-1750)

STOFNSAMNINGUR

BRUNAVARNA DALA, REYKHÓLA OG STRANDA BS.

I. NAFN, HEIMILI OG TILGANGUR

1. gr.

Byggðasamslagið heitir Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs., kt. [xxxxxxx] Heimili þess og varnarþing er í því sveitarfélagi þar sem starfsstöð slökkviliðsstjóra er þegar byggðasamslagið er stofnað. Slökkvistöðvar eru á Hólmavík, Reykhólum og í Búðardal. Byggðasamslagið er stofnað í samræmi við ákvæði 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd afmarkaðra verkefna, 14. gr. laga um brunavarnir nr. 70/2000 og ákvæði reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018.

2. gr.

Tilgangur byggðasamlagsins er að fara með skipulag, yfirstjórn, þjálfun vegna slökkviliða og eldvarnarefirlits á starfssvæðinu. Stjórn byggðasamlagsins getur falið byggðasamlaginu önnur verkefni sem varða velferð íbúa aðildarsveitarfélaga, enda falli þau að tilgangi samlagsins og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Samþykki allra fulltrúa í stjórn þarf til að ákvarðanir um valkvæð verkefni öðlist gildi.

II. STOFNENDUR OG FRAMLAGSFÉ

3. gr.

Stofnendur byggðasamlagsins eru eftirtalin sveitarfélög:

Dalabyggð
Reykhólahreppur
Strandabyggð

4. gr.

Stofnfé byggðasamlagsins er kr. 2.000.000,-. Eigendur leggja stofnfé fram í hlutfalli við íbúatölu þann 1. desember og fasteignamat 2018. Stofnfé skal greitt fyrir lok janúar 2020.

Verði viðbótarframlög ákveðin skulu þau greidd hlutfallslega miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélaga hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi og fasteignamat sama árs.

III. VALDHEIMILDIR

5. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hafa ákveðið að framselja til byggðasamlagsins vald til ákvörðunar og framkvæmdar lögbundinna skyldna slökkviliða í samræmi við ákvæði laga um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum og annarra laga og reglugerða sem kveða á um verkefni slökkviliða.



Valdheimildum byggðasamlagsins er nánar lýst í samþykkt þessari. Stjórn byggðasamlagsins hefur ekki umboð til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er um í samþykkt þessari.

Byggðasamlagið skal fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslíð, fjármál og stjórnsýsluefirlit auk þess að fylgja öðrum almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

6. gr.

Leita þarf samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna við gerð samninga við einkaaðila um þjónustustarfsemi, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt þarf að leita samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna við gerð samninga við einstök aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í starfsemi byggðasamlagsins. Að auki skal leita samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna varðandi gerð samninga um ný verkefni byggðasamlagsins.

Stjórn er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu í samræmi við verkefni byggðasamlagsins enda greiði viðkomandi sveitarfélag fyrir þá þjónustu.

IV. STJÓRNSKIPULAG

7. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna þriggja. Sveitarstjórn hvers aðildarsveitarfélags tilnefniur einn varafulltrúa í stjórnina. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Slökkviliðsstjóri, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn byggðasamlagsins skal koma saman til fyrsta fundar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eigi síðar en 30 júlí. Fulltrúi fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins boðar til fyrsta fundar. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef allir stjórnarmenn eru mættir til fundar. Afl atkvæða afgreiðslu mála á stjórnarfundum.

Ákvarðanir sem stjórn tekur cru fullnaðarákvarðanir, en um endurupptöku einstakra mála fer eftir ákvæðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Endurskoðun reikninga byggðasamlagsins er í höndum löggilts endurskoðanda samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Stjórn byggðasamlagsins staðfestir ársreikninginn.

8. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Aukafundi skal halda eftir þörfum og er skylt að halda fund, ef stjórnarmaður óskar eftir því. Formaður stjórnar boðar til funda og stýrir þeim.

Stjórnin samþykkir fjárhags- og starfsáætlun byggðasamlagsins. Hún hefur efirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við samþykktir og markaða stefnu. Hún samþykkir samninga sem gerðir eru við þriðja aðila og áhrif hala á tekjur byggðasamlagsins.

Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögum, sem og fjárhagsáætlun, starfsáætlun og ársreikningur. Fjárhagsáætlun öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af aðildarsveitarfélögum.

9. gr.

Ársfund skal halda fyrir lok september ár hvert. Sveitarstjórnarmönnum í aðildarsveitarfélögum skal boðið til fundar. Á fundinum verður gerð grein fyrir



fjárhagsáætlun og starfsáætlun komandi árs og öðrum málum sem stjórn byggðasamlagsins ákveður.

10. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- 1) Að samþykkja árlega fjögurra ára áætlun um rekstur og fjármál byggðasamlagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir byggðasamlagsins og skal hún lögð fram í aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar eigi síðar en 20. september ár hvert.
- 2) Að samþykkja árlega fjárhagsáætlun og starfsáætlun þar sem markmiðum í rekstri og þjónustustigi er lýst. Fjárhagsáætlun hvers árs skal vera innan þess ramma sem aðildarsveitarfélögin hafa staðfest í fjögurra ára áætlun. Að hafa eftirlit með rekstri byggðasamlagsins og sjá um að lögum, reglugerðum, samþykktum og markaðri stefnu byggðasamlagsins sé fylgt. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð. Stjórn er óheimilt að taka fjárhagslegar ákvarðanir sem eru ekki innan fjárhagsáætlunar án þess að hafa leitað heimildar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.
- 3) Að ráða slökkviliðsstjóra og ákveða ráðningarkjör hans, ákvarða starfsskipulag, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining.

11. gr.

Stjórnin ræður slökkviliðsstjóra og gerir við hann ráðningarsamning þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur byggðasamlagsins á grundvelli laga, reglna og ákvarðanir stjórnar. Stjórnin samþykkir starfslýsingu þar sem nánar er fjallað um verkefni slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri skal gefa stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um reksturinn, sem þeir kunna að óska eftir. Hann ber ábyrgð á gerð brunavarnaáætlunar, fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar og leggur tillögur sínar fyrir stjórn. Hann ber ábyrgð á því gagnvart stjórn að rekstur byggðasamlagsins sé innan útgjaldaheimilda fjárhagsáætlunar og í samræmi við almenn markmið með starfsemi og samþykta starfsáætlun.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Slökkviliðsstjóri ræður starfsmenn byggðasamlagsins og sér um þjálfun þeirra. Slökkviliðsstjóri skal hafa samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf.

Slökkviliðsstjóri skal vera skipulags- og byggingarnefndum aðildarsveitarfélaganna til ráðgjafar varðandi brunamál og almenn öryggismál. Hann skal gæta þess að ákvæðum laga og reglugerða um brunavarnir sé framfylgt, m.a. að byggingar séu staðsettar og gengið frá þeim þannig að slökkvistarf og björgun sé auðveld og að aðgangur sé að slökkvivatni. Slökkviliðsstjóri eða fulltrúi hans skulu hafa fasta setu á fundum byggingarnefnda aðildarsveitarfélaganna með málfrelsi og tillögurétt, ákveði viðkomandi sveitarfélag svo.

12. gr.

Það aðildarsveitarfélag þar sem slökkviliðsstjóri er búsettur skal leggja honum til starfsaðstöðu.



IV. FJÁRMÁL OG REKSTUR.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri undirbýr ár hvert sundurliðaða fjárhagsáætlun innan þess ramma sem fjögurra ára áætlun veitir í samræmi við sveitarstjórnarlög og sendir til stjórnar eigi síðar en 1. september ár hvert.

Aðildarsveitarfélögin greiða framlög til rekstrar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins sem staðfest hefur verið af sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna. Rekstrarframlög hvers árs skulu vera þannig að hvert aðildarsveitarfélag greiðir kr. 1.000.000 í grunnframlag og síðan í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember og fasteignamat ársins á undan.

14. gr.

Hvert sveitarfélag er ábyrgt fyrir og greiðir kostnað vegna búnaðar og launa vegna útkalla og æfinga á sínu starfssvæði. Sveitarfélögin hvert um sig ákveða í sinni fjárhagsáætlun hver þessi kostnaður má vera og ber slökkviliðsstjóra að halda sig innan áætlunarinnar.

15. gr.

Aðildarsveitarfélögin inna af hendi greiðslur í samræmi við fjárhagsáætlun. Skal greiðslunum skipt í 10 mándargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar frá og með febrúar til og með nóvember. Hafi greiðsla ekki farið fram fyrir 10. dag mánaðar skal hún bera hæstu lögleyfða dráttarvexti.

16. gr.

Sveitarfélögin sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda og fasteignamat þegar uppgjör fer fram.

17. gr.

Stjórn byggðasamlagsins hefur ekki umboð til að binda sveitarsjóði aðildarsveitarfélaganna að öðru leyti en því sem kveðið er á um í samningi þessum. Ákvarðanir um lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar frá sveitarstjórnunum allra aðildarsveitarfélaganna.

18. gr.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Ársreikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem stjórn þess ræður til starfsins. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda, til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 1. mars ár hvert.

V. ENDURSKOÐUN STOFNSAMNINGS, BREYTING SLIT FÉLAGSINS OG GILDISTAKA.

19. gr.

Breytingar á samningi þessum þarfnast samþykki sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna, telji eitthvert aðildarsveitarfélaganna ástæðu til þess, s.s. ef breytingar verða á lögum og reglum sem varða verulega starfsumhverfi



byggðasamlagsins. Að öðru leyti skal endurskoða samning þennan í síðasta lagi innan 5 ára frá stofnun byggðasamlagsins með hlíðsjón af reynslu af framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Síðan skal á sama hátt endurskoða samninginn á a.m.k. 10 ára fresti. Til þess að breytingar á samningnum öðlist gildi þurfa öll aðildarsveitarfélögin að samþykkja þær.

20. gr.

Aðildarsveitarfélagi er heimilt að ganga úr byggðasamlagi þessu með tveggja ára fyrirvara. Gangi sveitarfélag úr byggðasamlaginu eða verði það lagt niður skulu um það gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Búðardal 4. júlí 2019.

F.h. Dalabyggðar


Kristján Sturluson
Sveitarstjóri



F.h. Reykhólahrepps


Tryggvi Háðarson
Sveitarstjóri




STRANDABYGGÐAR
SVEITARSTJÓRI
F.h. Strandabyggðar
Þorgeir Pálsson
Sveitarstjóri

Samkvæmt samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 13. júní 2019.

Samkvæmt samþykkt á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps 4. júní 2019.

Samkvæmt samþykkt á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar 11. júní 2019.



10.5.2 Samstarfssamningar slökkviliða á Vesturlandi

05.02

1001038

Samningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða

Samningur þessi er milli Slökkviliðs Stykkishólms og nágrennis, Slökkviliðs Grundarfjarðar, Slökkviliðs Snæfellsbæjar, Slökkviliðs Dalabyggðar, Slökkviliðs Reykhólahrepps, Slökkviliðs Borgarbyggðar og Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Markmið samningsins er að nýta þau tæki og þann mannafla sem slökkviliðin hafa yfir að ráða með gagnkvæmri aðstoð við slökkvistörf ef um meiriháttar eldsvoða eða dreifibruna er að ræða.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að veita aðstoð í samræmi við samkomulag sem hér fer á eftir.

1. gr.

Telji yfirmaður slökkviliðs sem er aðili að samningi þessum rétt að óska eftir aðstoð annarra samningsaðila er honum það heimilt. Skal þá vakthafandi yfirmaður þess slökkviliðs sem leitað er til gera eftirtaldir ráðstafanir:

- Leggja mat á hvort lið hans sé aflögufært um tæki og mannafla til að verða við beiðninni.
- Ákveða hvaða tæki og mannafla væri árangursrikast að senda.
- Sendir tæki og mannafla þegar í stað á brunastað með skýrum fyrirmælum samkvæmt fyrirfram gerðum áætlunum og reglum um framkvæmd aðstoðar sem slökkviliðsstjórar viðkomandi slökkviliða hafa gert sín á milli.

2. gr.

Slökkviliði er ekki skylt að veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa samnings ef mat skv. a) lið 1. greinar leyfir það ekki. Tilkynna skal slíkt þegar í stað yfirmanni slökkviliðs sem aðstoðar óskaði.

3. gr.

Hver aðili samnings þessa afsalar sér öllum rétti til bóta af öðrum aðilum samningsins vegna tjóns er verða kann við framkvæmd hans, s.s. eignatjóns, slysa á mönnum eða andláts. Öll aðstoð sem látin er í té samkvæmt samningi þessum skal vera án endurgjalds af hálfu aðila.

4. gr.

Stjórnandi þess slökkviliðs sem óskar aðstoðar skal stjórna öllum aðgerðum á brunastað og bera fulla ábyrgð á þeim (sbr. þó 3. gr.). Skal honum heimilt að fela yfirmanni slökkviliðs sem aðstoð veitir, stjórn á ákveðnum aðgerðum með hans samþykki.

5. gr.

Yfirmenn og slökkviliðsmenn í slökkviliðum samningsaðila eru hvattir til að kynna sér starfsemi og aðstæður hvers samningsaðila m.a. með tilliti til öryggisreglna og eldvarna. Samningsaðilar hvetja til, eftir því sem æskilegt getur talist að haldnar séu sameiginlegar æfingar.

6. gr.

Slökkviliðsstjórar samningsaðila skulu í sameiningu vinna að gerð nákvæmra áætlana og samstarfsreglna sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning. Áætlanir og samstarfsreglur taka gildi milli aðila jafnskjött og þær hafa verið undirritaðar.



1001038


7.gr.


Samningur þessi tekur gildi er hann hlýtur staðfestingu allra sveitarstjórna samningsaðila. Samningurinn gildir að fullu þar til samningsaðilar komast að samkomulagi að fella hann úr gildi. Einnig geta samningsaðilar sagt samningum upp skriflega með 90 daga fyrirvara.


Stykkishólmi, 17. febrúar 2010



Slökkvilið Stykkishólms og nágrennis




Bæjarstjórnin
Slökkvilið Grundarfjarðar


Slökkvilið Snæfellsbæjar


Slökkvilið Dalabyggðar



Slökkvilið Reykhólahrepps


SVEITARSTJÓRNIN
BORGARBYGGÐAR
Slökkvilið Borgarbyggðar


Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar



10.5.3 Samningur um gagnkvæma aðstoð milli slökkviliða Strandabyggðar og Húnaþings Vestra



Brunavarnaráætlun Brunavarna Húnaþings vestra 2014 - 2018

Samningur um gagnkvæma aðstoð Strandabyggð 1 af 2

SAMNINGUR

um gagnkvæma aðstoð

Eftirfarandi aðilar, Brunavarnir Húnaþings vestra, kt. 540598-2829, og Slökkvilið Strandabyggðar, kt. 570806-0410, gera með sér svohljóðandi samning um gagnkvæma aðstoð.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2000, með síðari breytingum, er slökkviliði heimilt að veita aðstoð við slökkvi- og björgunarstörf ásamt viðbragði við mengunaráhappi utan eigin undanemis. Slökkviliðsstjóri þess slökkviliðs sem aðstoðina veitir ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum og viðbragði við annarri vá í umdæmi slökkviliðsins sé stofnað í tvisýnu að hans mati.
2. gr.

Slökkviliðunum er ekki skylt að veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Ef það er mat slökkviliðsstjóra þess slökkviliðs sem aðstoðarbeiðnina fær að hann geti ekki veitt umbeðna aðstoð, skal hann þegar í stað láta slökkviliðsstjóra sem biður um aðstoð vita af þeirri ákvörðun.
3. gr.

Sá slökkviliðsstjóri sem óskar eftir aðstoðinni fer með stjórnun aðgerða á vettvangi og ber fulla ábyrgð á þeim. Skal honum hins vegar heimilt að fela yfirmanni þess slökkviliðs, sem aðstoðina veitir, stjórnun aðgerða á vettvangi.
4. gr.

Í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2000, með síðari breytingum, kemur fram að það svæðisráðgjafi sem aðstoðar nýtur greiður kostnað við hana. Samningsaðilar eru sammála um að beita ekki þessu ákvæði laganna heldur sé gagnkvæm aðstoð á milli aðila án endurgjalds. Þetta ákvæði skal endurskoðað innan fimm ára með tilliti til umfangs og kostnaðar hvors aðila. Fáist kostnaður vegna aðgerðanna aftur á móti endurgreiddur af þriðja aðila, að fullu eða hluta, skal hann endurgreiddur samningsaðilum í sömu hlutföllum.
5. gr.

Verði tjón á starfsmönnum, tækjum og/öð áhöldum við aðgerðir á grundvelli þessa samnings skal hvor samningsaðili bera sitt tjón á grundvelli ábyrgðartryggingar samkvæmt gildandi tryggingarskilmálum.

Við tjón þriðja aðila, s.s. eignatjón, vegna aðgerða á grundvelli þessa samnings skulu slökkviliðsstjórar bera ábyrgð á sínu starfslíði í starfi samkvæmt gildandi ábyrgðartryggingu og greiða þriðja aðila bætur í þeim tilvikum er skilyrði gildandi trygginga eru uppfyllt.

39



Samningur um gagnkvæma aðstoð Strandabyggð 2 af 2

6. gr.

Samningsaðilar skulu í sameiningu vinna að gerð áætlana, s.s. boðunar-, fjarskipta- og samstarfsáætlana, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning.

7. gr.

Samningsaðilar eru hvattir til þess að kynna sér starfsemi og búnað hvors annars með reglulegum heimsóknum eða með öðrum hætti, svo öllum sé ljóst hvers eðlis sú aðstoð er sem þeir geta veitt. Þá skal stefnt að eftir því sem við á halda sameiginlegar æfingar sé þess kostur.

8. gr.

Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir héraðsdómi þess slökkviliðs sem óskaði eftir aðstoðinni.

9. gr.

Ef forsendur samnings breytast á samningstímanum getur hvor aðili um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun samningsins. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega.

10. gr.

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun og gildir þar til samningsaðilar ákveða að fella hann úr gildi. Hvorum samningsaðila er þó ávallt heimilt að segja samningnum einhliða upp miðað við hver áramót. Hafi samningnum ekki verið sagt upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara fyrir árslok framlengist hann um eitt ár í senn.


Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skulu samningsaðilar halda hvor sínu eintakinu og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

14. maí 2014


f.h. Brunavarnar Húnaþings vestra


f.h. Slökkviliðs Strandabyggðar


Pjetur Arnarson
slökkviliðsstjóri


Einar Indriðason
slökkviliðsstjóri

Vottar að réttri undirskrift





Afrit sent sveitastjórnunum Húnaþings vestra og Strandabyggðar



10.5.4 Samningur um gagnkvæma aðstoð milli slökkviliða Dalabyggðar og Húnaþings Vestra

Samningur um gagnkvæma aðstoð Dalabyggð 1 af 2

SAMNINGUR um gagnkvæma aðstoð

Eftirfarandi aðilar, Brunavarnir Húnaþings vestra, kt. 540598-2829, og Slökkvilið Dalabyggðar, kt. 510694-2019, gera með sér svohljóðandi samning um gagnkvæma aðstoð.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2000, með síðari breytingum, er slökkviliði heimilt að veita aðstoð við slökkvi- og björgunarstörf ásamt viðbragði við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri þess slökkviliðs sem aðstoðina veitir ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum og viðbragði við annarri vá í umdæmi slökkviliðsins sé stofnað í tvisýnu að hans mati.

2. gr.

Slökkviliðunum er ekki skylt að veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Ef það er mat slökkviliðsstjóra þess slökkviliðs sem aðstoðarbeiðnina fær að hann geti ekki veitt umbeðna aðstoð, skal hann þegar í stað láta slökkviliðsstjóra sem biður um aðstoð vita af þeirri ákvörðun.

3. gr.

Sá slökkviliðsstjóri sem óskar eftir aðstoðinni fer með stjórnun aðgerða á vettvangi og ber fulla ábyrgð á þeim. Skal honum hins vegar heimilt að fela yfirmanni þess slökkviliðs, sem aðstoðina veitir, stjórnun aðgerða á vettvangi.

4. gr.

Í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2000, með síðari breytingum, kemur fram að það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Samningsaðilar eru sammála um að beita ekki þessu ákvæði laganna heldur sé gagnkvæm aðstoð á milli aðila án endurgjalds. Þetta ákvæði skal endurskoda innan fimm ára með tilliti til umfangs og kostnaðar hvors aðila.

Fáist kostnaður vegna aðgerðanna aftur á móti endurgreiddur af þriðja aðila, að fullu eða hluta, skal hann endurgreiddur samningsaðilum í sömu hlutföllum.

5. gr.

Verði tjón á starfsmönnum, tækjum og/eða áhöldum við aðgerðir á grundvelli þessa samnings skal hvor samningsaðili bera sitt tjón á grundvelli ábyrgðartryggingar samkvæmt gildandi tryggingarskilmálum.

Við tjón þriðja aðila, s.s. eignatjón, vegna aðgerða á grundvelli þessa samnings skulu slökkviliðsstjórar bera ábyrgð á sínu starfsliði í starfi samkvæmt gildandi ábyrgðartryggingu og greiða þriðja aðila bætur í þeim tilvikum er skilyrði gildandi trygginga eru uppfyllt.



Samningur um gagnkvæma aðstoð Dalabyggð 2 af 2

6. gr.

Samningsaðilar skulu í sameiningu vinna að gerð áætlana, s.s. boðunar-, fjarskipta- og samstarfsáætlana, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning.

7. gr.

Samningsaðilar eru hvattir til þess að kynna sér starfsemi og búnað hvors annars með reglulegum heimsóknnum eða með öðrum hætti, svo öllum sé ljóst hvers eðlis sú aðstoð er sem þeir geta veitt. Þá skal stefnt að efur því sem við á halda sameiginlegar æfingar sé þess kostur.

8. gr.

Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir héraðsdómi þess slökkviliðs sem óskaði efur aðstoðinni.

9. gr.

Ef forsendur samnings breytast á samningstímanum getur hvor aðili um sig óskað efur viðræðum um endurskoðun samningsins. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega.

10. gr.

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun og gildir þar til samningsaðilar ákveða að fella hann úr gildi. Hvorum samningsaðila er þó ávallt heimilt að segja samningnum einhliða upp miðað við hver áramót. Hafi samningnum ekki verið sagt upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara fyrir árslok framlengist hann um eitt ár í senn.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skulu samningsaðilar halda hvor sínu eintakinu og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

9. júlí 2013


f.h. Brunavarna Húnaþings vestra


f.h. Slökkviliðs Dalabyggðar


Pétur Arnarsson
slökkviliðsstjóri


Jóhannes Haukur Hauksson
slökkviliðsstjóri

Notar að réttir undirskrift





Afrit sent sveitastjórnunum Húnaþings vestra og Dalabyggðar.



<https://www.facebook.com/BrunavarnirDRS>

<https://dalir.is/thjonusta-og-starfsemi/onnur-thjonusta/slokkvilid/>

https://www.reykholar.is/stjornsysla/stofnanir/Brunavarnir_Dala_Reykhola_og_Stranda/

<http://www.strandabyggd.is/stofnanir/slokkvilid/>





Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“ Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur [samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar].¹⁾ Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun]²⁾ gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.”

¹⁾[L. 137/2019, 19. gr.](#) ²⁾[L. 126/2011, 307. gr.](#)

Starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda b.s. nær til eftirfarandi sveitafélaga:

Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Gildistími brunavarnaráætlunarinnar er frá útgáfu árið 2022 og út árið 2026.

Brunavarnaáætlun er unnin af slökkviliðsstjóra og hefur verið samþykkt af öllum sveitastjórnnum sem eru á starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Brunavarnaáætlun hefur einnig verið staðfest af stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Undirritaðir staðfesta það með undirritun sinni.

Staður.

Dags

F.h. Dalabyggðar

F.h. Reykhólahrepps

F.h. Strandabyggðar

F.h. Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

F.h. Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar

Undirritunarsíða

Hermann Jónasson

Kristján Sturluson

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Jón Gísli Jónsson

Ívar Örn Þórðarson